



Félagslegt aðgengi fatlaðs fólks

Rut Þorsteinsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði
við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Félagslegt aðgengi fatlaðs fólks

Rut Þorsteinsdóttir

Lokaverkefni til BA prófs í tómsunda-og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Árni Guðmundsson

Íþrótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Félagslegt aðgengi fatlaðs fólks

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í tólstunda-og félagsmálafræði við Ípróttta-, tólstunda- og
þroskaþjálfadeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Rut Þorsteinsdóttir 2018

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Reykjavík 2018

Ágrip

Réttindabarátta fatlaðs fólks er margþætt og hafa hin ýmsu félög sinnt hagsmunagæslu ötullega. Mikilvægast er að tryggja fötluðu fólki mannréttindi til jafns við aðra og frelsi til daglegra athafna sem virkir samfélagsþegnar. Minna hefur farið fyrir umræðu um félagslega þátttöku fatlaðs fólks á Íslandi. Takmarkað aðgengi, og þá ekki í umhverfinu, á þátttöku fatlaðs fólks í félagslífi skapast vegna skorts á sveigjanleika og úrræðum. Markmið ritgerðarinnar er að vekja athygli á þeirri félagslegu mismunun sem fatlað fólk á Íslandi býr við. Með það í huga var íslensk löggjöf, og alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að, skoðuð. Þá var sérstaklega horft til félagslegra aðstæðna fatlaðs fólks í Danmörku og leitast var við að gera samanburð á aðstæðum á milli landa. Takmarkaðar upplýsingar um aðstæður fatlaðs fólks á Íslandi gerði tölulegan samanburð illmögulegan. Engu að síður urðu niðurstöður á þann veg að til staðar eru ýmsir möguleikar á bættu félagslegu aðgengi fatlaðs fólks á Íslandi. Í því felst að vinna þarf markvisst að upprætingu þeirrar mismununar sem hindrar þátttöku fatlaðs fólks í tómstunda- og félagsstarfi. Það væri meðal annars hægt með því að: Ísland lögleiði Samning Sameinuðu þjóðanna, ásamt viðauka, um réttindi fatlaðs fólks, setja heildræna stefnu á landsvísu um aðgengi fatlaðs fólks - félags og umhverfislega, bæta akstursþjónustu við fatlað fólk, innleiða The European Accessibility Act og að innleiða fylgdarmannskort að fyrirmynd Dana.

Efnisyfirlit

Ágrip	5
Formáli	7
1 Inngangur	8
2 Málefni fatlaðs fólks á Íslandi	9
2.1 Mannréttindi og skilgreining á fötlun.....	10
2.2 Íslensk lög og Samningur Sameinuðu þjóðanna	10
2.3 Staða fatlaðra á Íslandi	12
2.4 Staða fatlaðra í Danmörku.....	13
3 Tómsundur	15
3.1 Tómsundur fatlaðra ungmenna á Íslandi.....	15
3.2 Tómsundur fatlaðra ungmenna í Danmörku	16
4 Aðgengi	18
4.1 Tónleikar á Íslandi.....	18
4.2 Tónleikar í Danmörku	20
4.3 Íþróttir fatlaðs fólks á Íslandi	21
4.4 Íþróttir fatlaðs fólks í Danmörku.....	23
4.5 Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk á Íslandi	24
4.6 Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk í Danmörku.....	27
5 Umræður	29
6 Lokaorð	32
Heimildaskrá	33
Viðauki 1: Samningur um réttindi fatlaðs fólks	37

Formáli

Ástæða þess að ég valdi að fjalla um félagslegt aðgengi fatlaðs fólks er að ég er sjálf með CP fötlun og þekki vel þær hindranir sem koma í veg fyrir að ég, og annað fatlað fólk, geti notið þeirra mannréttinda að stunda tómstundir og íþróttir til jafns við ófatlað fólk.

Hugmyndin að umfjöllunarefninu fæddist þegar ég hugði á ferðalag til Norðurlandanna í þeim tilgangi að fara á tónleika. Aflaði ég mér upplýsinga um aðgengi fatlaðs fólks að tónleikunum sem ég hafði augastað á og reyndist það annað, og betra, en ég hafði kynnst hérlandis. Vaknaði hjá mér spurningin af hverju við á Íslandi værum eftirbátar Norðurlandanna þegar kæmi að félagslegu aðgengi fatlaðs fólks. Ég vil þakka móður minni, Jóhönnu Hörpu Árnadóttur, fyrir góð ráð, stuðning og umburðarlyndi. Einnig vil ég þakka leiðbeinanda mínum Árna Guðmundssyni, M.Ed. sérfræðingi í æskulýðsmálum við Háskóla Íslands, fyrir góða leiðsögn.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem hafa lagt mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 6.maí 2018

Rut Þorsteinsdóttir

1 Inngangur

Umræða um félagslega þátttöku fatlaðs fólks, og takmarkað aðgengi, hefur ekki fengið mikið pláss á Íslandi. Markmið ritgerðarinnar er að vekja athygli, og vonandi skapa umræðu, á aðstæðum fatlaðs fólks og möguleikum þess til að stunda tómstundir og íþróttir til jafns við aðra. Þær hindranir sem fatlað fólk mætir, og áhrif þeirra á sjálfsmynd einstaklinganna, geta haft í för með sér neikvæða upplifun á þátttöku í félagslífi og leitt til félagslegrar einangrunar.

Enn virðist ríkjandi sá skilningur á hugtakinu fötlun að horft er á einstaklinginn og takmarkanir skilgreindar út frá líkamlegu og andlegu atgervi fatlaðs fólks en ekki til skilgreiningar félagslegrar mótunar þar sem hindranir skapist í samspili og í menningu samfélagsins. Skilgreining fötlunar út frá félagslegri mótun hefur að undanfögnu rutt sér æ meira til rúms í fræðilegri umfjöllun. Rannsóknarspurning ritgerðarinnar er hvort að hindranir á aðgengi til tómstunda og íþróttaiðkanna geti leitt til félagslegrar einangrunar fatlaðs fólks á Íslandi.

Til að svara spurningunni er aðferðum við gerð heimildaritgerðar fylgt og upplýsinga aflað til samræmis við það. Gerður er samanburður á félagslegum aðstæðum fatlaðs fólks á Íslandi og í Danmörku en í ljós kom skortur á íslenskum rannsóknum á því sviði. Lagaramminn um málefni fatlaðs fólks, og þeir alþjóðlegu samningar sem Ísland er aðili að, eru skoðaðir. Þá er fjallað um hvað felst í tómstundum og aðstæður fatlaðs fólks til að taka þátt, til íþróttaiðkunnar, að sækja tónleika og hvaða akstursþjónusta er í boði hérlendis og í Danmörku. Að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman í tillögum að bættu félagslegu aðgengi fatlaðs fólks á Íslandi.

2 Málefni fatlaðs fólks á Íslandi

Þann 30. mars árið 2007 undirritaði Ísland alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) en fullgilti samninginn ekki fyrr en 23. september 2016 eða níu árum eftir undirritun. Valfrjálsa bókunin, án fyrirvara, sem fylgdi samningnum og fjallar um kæruleiðir hefur ekki verið fullgild en núna er nýstofnaður stýrihópur í dómsmálaráðuneytinu sem mun vinna að því að endurskoða þessa valfrjálsu bókun og athuga með fullgildingu hennar. Löggilding samningsins ásamt viðauka hefur enn ekki komið til tals.

Samningurinn tók gildi 3. maí 2008 þegar tuttugu ríki höfðu fullgilt hann. Í október árið 2016 höfðu 165 ríki fullgilt samninginn en fullgilding alþjóðasamnings felur í sér að ríkið undirgengst þær skuldbindingar sem felast í viðkomandi samningi og tryggir þann rétt sem þar er kveðið á um. Þar með varð íslenska ríkið bundið að þjóðarétti til þess að uppfylla allar skyldur samningsins og skuldbindur sig til þess að innleiða þær skyldur sem kveðið er á um í samningnum. Nefnd Sameinuðu Þjóðanna sem fer með réttindi fatlaðs fólks hefur á höndum sér eftirlit á framkvæmd samningsins á alþjóðavettvangi.

Innan tveggja ára frá fullgildingardegi samningsins ber aðildarríkum að skila inn skýrslum um framkvæmd samningsins og í framhaldinu óskar nefnd SP eftir svokölluðum „skuggaskýrslum“ frá hagsmunaaðilum. Eftir yfirferð nefndarinnar á skuggaskýrslunum gefur nefndin út lista yfir þau álitamál sem hún krefst svara við og þá geta aðildarríkin skýrt mál sitt betur. Þegar nefndin hefur lokið úttekt sinni á svörum aðildarríkjanna gefur hún út tilmæli til þeirra um úrbætur (Öryrkjabandalag Íslands. e.d.).

SRFF samningurinn er leiðarvísir um hvernig skal tryggja fötluðu fólki mannréttindi og jafnræði til þess að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í formála samningsins segir meðal annars að aðildarríki samningsins skulu viðurkenna að hugtakið fötlun þróist og verði til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra (Öryrkjabandalag Íslands. e.d.).

Ísland hefur enn ekki lögfest SRFF samninginn en lögfesting hans mun tryggja fötluðu fólki betri réttarstöðu því hún tryggir að hægt sé að byggja rétt þeirra á SRFF samningnum fyrir dómstólum (Öryrkjabandalag Íslands. e.d.).

2.1 Mannréttindi og skilgreining á fötlun

Inntak mannréttindahugtaksins er að allir menn séu jafnbornir til virðingar og réttinda sem eigi verða tekin af þeim og eigi að vernda með lögum enda séu þau undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt 10. desember árið 1948 og með henni lagður grundvöllur að hinu alþjóðlega mannréttinadakerfi og hefur orðið leiðarljósi þeirra sem vinna að eflingu mannréttinda og virðingu fyrir þeim (Mannréttindaskrifstofa Íslands e.d.).

Íslensk löggjöf fjallar um málefni fatlaðs fólks í lögum nr. 59/1992 en þar segir í 1. kafla, 2. gr. að einstaklingur eigi rétt á þjónustu samkvæmt þessum lögum sé hann með andlega- eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér sé átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur geti fötlun verið afleiðing af slysum og/eða langvarandi veikindum (Lög um málefni fatlaðra nr.59/1992).

Í 2. kafla laga um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins nr. 83/2003 er fötlun skilgreind sem það ástand sem skapast þegar einstaklingur þarf fjölpætta þjónustu og aðstoð til langframa vegna alvarlegrar þroskaröskunar eða færnisröskunar (Lög um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins nr. 83/2003).

Í skrifum sínum undanfarin ár hafa fötlunarfræðingar lagt áherslu á að andæfa læknisfræðilegum, líffræðilegum og einstaklingsmiðuðum skilningi sem lítur á fötlun sem persónulegan harmleik einstaklinga og álíti að erfiðleikar þeirra stafi vegna þess (Úlfar Hauksson ritstjóri, 2005, *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, Reykjavík 2005, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands).

2.2 Íslensk lög og Samningur Sameinuðu þjóðanna

Réttindabarátta fatlaðs fólks, og aðstandenda þeirra, fyrir jafnrétti og virkri þátttöku í samfélaginu á sér langa sögu. Á seinni hluta 20. aldar var margt sem að breyttist til betri vegar í málaflokkunum og voru Norðurlöndin oftast en ekki í fararbroddi með félagslegar umbætur. Á Íslandi voru sett lög um málefni fatlaðra árið 1983. Komu þau til endurskoðunar árið 1992 með gildistöku laga nr. 59 og hafa jafnframt gengist undir margar breytingar síðan.

1.gr.Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir,

einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá skulu stjórnvöld tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks (Lög um málefni fatlaðra, nr.59/1992).

Skýrt er kveðið á um að markmið laganna sé að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og skapa skilyrði til eðlilegs lífs. Í annarri grein laganna kemur svo fram skilgreining á því við hverja átt er við þegar talað er um fatlað fólk, sjá umfjöllun í kafla 2.1 hér á undan. Á svipuðum nótum er SRFF samningur Sameinuðu þjóðanna en í upphafi hans kemur fram markmið samningsins og því er svo fylgt eftir með útlitun á því hverjir það eru sem teljast til fatlaðs fólks.

1.gr. Markmið. Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess. Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxl verkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 1. grein/2007).

Í báðu tilfellum má vera ljóst að tilgangurinn er að gera fötluðu fólk það kleift að standa á jafnréttisgrundvelli í samfélaginu. Leitast er við að tryggja fötluðu fólki jafnan rétt og jöfn tækifæri. Með tilkomu samningsins, og aðild ríkja að honum, er viðurkennt að mismunun var og er staðreynd. Jafnrétti er ekki til staðar og vinna þarf sérstaklega að því að bæta hag og réttindi fatlaðs fólks. Í annarri grein samningsins, en sú samningsgrein inniheldur skilgreiningar á hugtökum, er fjallað um hvað átt er við með mismunun vegna fötlunar.

„Mismunun vegna fötlunar“ merkir aðgreiningu, útilokun eða takmörkun af hvaða tagi sem er vegna fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að fatlað fólk fái viðurkennd, notið eða nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi á sviði stjórn-, efnahags-, félags- og menningarmála, sem borgarar eða á öðrum sviðum. Fyrirnefnd mismunun tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, m.a. að fötluðu fólki sé neitað um viðeigandi aðlögun, Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2. grein/2007).

Ef texti og hugtakanotkun í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 eru borin saman við texta og hugtakanotkun SRFF samningsins varðandi markmið og skilgreiningu að þá eru í lögnum listaðar upp ólíkar fatlanir svo sem þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðing. Hér kemur fram þetta séríslenska fyrirbrigði að merkja (e. label) fatlanir, flokka þær og setja um þær sérstaka löggjöf. Texta- og hugtakanálgunin í samningi SRFF er almennari og telur upp líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu óhlutdrægt. Ekki ætti

að skipta máli hvers eðlis fötlunin er, eða hvert heitið er, því það veldur aðgreiningu innan hóps fólks með fatlarnir. Ef jafna á réttindi fatlaðra þannig að þeir njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra verður að láta af aðgreiningarhugtökum og mismunun á réttindum fatlaðra á grundvelli fötlunar þeirra. Það yrði því mikil mannréttindabót til handa fötluðum hérlandis ef Ísland myndi löggilda SRRF samninginn.

2.3 Staða fatlaðra á Íslandi

Í íslenskri löggjöf er ekki að finna afmarkaða skilgreiningu á því hvað fötlun er né ákvæði um bann við mismunun á grundvelli fötlunar. Einungis er lögð sérstök áhersla á hugtakið geðfatlaður. Á Íslandi hefur til langs tíma verið stuðst við læknisfræðilega skilgreiningu kennda við endurhæfingu en ekki við félagslega skilgreiningu sem gagnrýnir læknisfræðilega sjónarhornið sem hefur verið ríkjandi hér á landi.

Á alþjóðavettvangi er einna helst stuðst við skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna en í skilgreiningu 1. gr. samnings þeirra um réttindi fatlaðs fólks er fatlað fólk meðal annars þeir sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Fullgilding alþjóðasamninga, án viðauka sem þeim fylgja, er eitt en löggilding þeirra er annað. Löggilding tryggir fötluðu fólki mun betra réttaröryggi gagnvart dómstólum. Dæmi um slíkt er löggilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins ásamt viðauka hans sem tryggir lagalegan rétt barnsins til lögsóknar. Að Ísland hafi ekki enn fullgilt viðaukann við SFRR samning Sameinuðu þjóðanna þýðir að það er engin réttarfarsleg leið fyrir fatlað fólk að sækja rétt sinn, hvorki innan dómskerfisins gagnvart íslenska ríkinu né opinber leið í gegnum skrifstofu Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Löggilding er mikilvæg vegna þess að fatlað fólk er minnihlutahópur í þjóðfélaginu og er að miklu leyti háður opinberri þjónustu til þess að lifa eðlilegu lífi.

Réttindi fatlaðs fólks eru tryggð í stjórnarskrá, almennum lögum sem og fjölmörgum alþjóðasamningum og yfirlýsingum sem Ísland er aðili að.

Þeim reglum sem tryggja réttaröryggi fatlaðs fólks má skipta í þrjá hópa;

1. Reglur sem ætlaðar eru til að uppfylla nauðsynlegar þarfir fatlað fólks;
2. Verndunarreglur sem ætlað er að vernda fatlað fólk fyrir misnotkun og valdbeitingu frá umhverfinu;

3. Eftirlitsreglur sem eiga að gæta samfélagshagsmuna og geta falið í sér þvingun og inngríp inn í athafna- og ferðafrelsi einstaklinga (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

2.4 Staða fatlaðra í Danmörku

Danmörk hefur fullgilt SRFF samning Sameinuðu þjóðanna eins og Ísland. Samningurinn var fullgiltur af danska þinginu þann 24. júlí 2009 og valfrjálsi viðaukinn, án fyrirvara, var fullgiltur 23. september 2014. Í gegnum tíðina hafa Danir notað ýmis orð yfir fötlun en í dag eru orðin fötlun og skert hreyfifærni mest notuð. Þá hafa þeir í auknum mæli stuðst við skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á því hverjir teljast til fatlaðs fólks. Þetta kalla Danir samfélagstengda skilgreiningu. Slík skilgreining hefur í för með sér að litið er á fötlunina í samhengi við félagslegu hindranirnar. Áherslan á einstaklinginn með fötlunina er fjarlægð og færð yfir á aðgengi og umhverfisaðstæður. Skilgreiningin á hugtakinu fötlun breytist því í samræmi við þróun samfélagsins. Danir benda á að fyrir þá sem vinna að vísindarannsóknum, varðandi málefni fatlaðs fólks, felist mikil áskorun í að þeir taki inn í sínar rannsóknir alla einstaklinga með fötlun, eða skerðingu, og benda sérstaklega á fólk með hugræna skerðingu og námsörðugleika (Det Centrale Handicapråd, e.d.).

Réttindi fatlaðs fólks í Danmörku, eins og á Íslandi, er tryggt í lögum, stjórnarskrá, alþjóðasamningum og yfirlýsingum sem Danmörk er aðili að. Ólíkt Íslendingum eru Danir ekki með sérstök lög um réttindi fatlaðs fólks heldur líta þeir á að fatlað fólk hafi sömu réttindi og ófatlaðir. Dönsku löggin eru kölluð „Serviceloven“ eða þjónustulögin og ná þau meðal annars yfir fólk með líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu. Í fyrsta kafla þeirra segir um tilgang og markmið laganna:

1 kafla. Markmið og gildissvið. Markmið þessara laga er: 1) að bjóða upp á ráðgjöf og stuðning til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál 2) að bjóða upp á fjölda þjónustuúrræða, sem einnig geta haft forvarnargildi, og 3) að koma til móts við þarfir, sem skapast vegna skerðinga á líkamlegri eða andlegri virkni eða sérstakra félagslegra vandamála (Serviceloven, nr.988/2017).

Á heimasíðu Félagsstofnunarinnar í Danmörku má sjá upplýsingar um aðstoð og úrræði vegna athyglisbrests og ofvirkni, einhverfu, lesblindu, stams og framburðarerfiðleika og námsörðugleika undir liðnum „handicap“ ([Socialstyrelsen](#), e.d.).

Samkvæmt þessu virðast Danir núorðið líta á raskanir tengdar námsörðugleikum sem fötlun ólíkt því sem gert er hér á landi. Danir eru komnir vel á veg með að setja alla þjónustu við

fatlaða á starfrænt form en gera sér grein fyrir því að ef þjónustan færist öll yfir á slíkt form getur það orðið hindrun fyrir suma en létt öðrum lífið (Institut for menneske rettigheder, e.d.).

Nálgun Dana á því hvað felst í því að vera fatlaður einstaklingur virðist vera í anda SRF samnings Sameinuðu þjóðanna. Markmið samningsins er að fatlað fólk fái notið allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra. Einnig að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.

3 Tómstundir

Almennt er talið að gildi og mikilvægi jákvæðrar tómstundaiðkunar leiði til betri líkamlegrar og andlegrar heilsu og komi í veg fyrir andfélagslega hegðun eins og neikvæða tómstundaiðkun og félagslega einangrun. Þetta á jafnt við fatlað fólk sem ófatlaða einstaklinga. Lang flestir hafa þörf fyrir þátttöku í tómstundastarfi af einhverju tagi og geta með því sótt sér slökun, örvun og lífsfyllingu. Þá er einnig mikilvægt að tilheyra hópi til þess að samsvara sig og þroska sjálfsmyndina en einnig að uppfylla þörf fyrir félagsleg samskipti og að forðast einangrun. Vanda Sigurðardóttur, lektor við Íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, skilgreinir hugtakið tómstundir með eftirfarandi hætti:

Í grundvallaratriðum má segja að tómstundir eigi sér stað í frítíma. Tímstundir eru því athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum og flokkast sem tímstundir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur á að um tímstundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif. Kjarni tímstunda má segja að felist í vellíðan og aukningu á lífsgæðum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Út frá þessari skilgreiningu má leiða líkum að því að tímstundir fari fram í frítíma einstaklings og veiti honum ánægju og vellíðan sem framkallar jákvæð áhrif og aukin lífsgæði. Vanda talar um jákvæð áhrif á einstaklinginn og samfélagið og lítur á það sem heild.

3.1 Tímstundir fatlaðra ungmenna á Íslandi

Tímstundir eru mikilvægar því þær hafa almennt félagslega jákvæð áhrif á einstaklinginn og minnka líkurnar á einangrun. Í tímstundum fær fatlað fólk tækifæri til að vera virkt og taka frumkvæði sem eflir sjálfstæði þeirra og félagsfærni ásamt því að veita þeim gleði og lífsfyllingu.

Fjölbreytt frístundastarf er rekið á vegum Reykjavíkurborgar fyrir fatlað fólk og telur allt í senn börn, unglunga og fullorðna. Leitast er við að veita fötluðum börnum í 1.-4. bekk grunnskóla góða þjónustu og þann stuðning sem þau þurfa til að geta verið á frístundaheimili við sinn skóla að loknum skóladegi. Þjónustan er skipulögð í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila sem tengjast börnunum. Klettaskóli rekur eigin frístundaheimili sem heita Gulahlíð og Askjan. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar starfrækir þrjár

félagsmiðstöðvar, Hofið, Hellirinn og Höllina sem sinna sértæku starfi fyrir fötluð börn í 5.-10. bekk í almennum grunnskólum (Reykjavíkurborg, e.d.).

Hitt húsið rekur dagsstarf fyrir fatlaða sem eru í umönnunarflokki 1-3 samkvæmt Tryggingastofnun og eru á aldrinum sextán til tuttugu ára. Einnig er boðið upp á frístunda- og félagsstarf fyrir fatlað fólk á aldrinum sextán til þrjátíu ára sem kallast Tipp Topp. Félagsmiðstöðvar velferðarsviðs eru opnar öllum sem náð hafa átján ára aldri en markhópurinn þar er aðallega eldra fólk. Einungis einu sinni í viku er opið félagsstarf að kvöldlagi fyrir þá sem falla utan skilgreiningar Tryggingastofnunar en reynslan hefur sýnt að meirihluti þeirra sem sækja það starf eru andlega fatlaðir (Reykjavíkurborg, e.d.). Ekki virðist vera um annað skipulagt tómstundastarf í boði fyrir fötluð ungmenni.

Hér á landi sjá frístundaheimili og félagsmiðstöðvar um félagsstarf og er reksturinn á fyrr nefndum heimilum og miðstöðvum í höndum Reykjavíkurborgar. Starfið er aldursskipt og í frístundaheimilunum sem rekin eru í samstarfi við grunnskólana eru börn í 1.-4. bekk. Félagsmiðstöðvarnar eru með sjálfstætt skipulagt starf fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk grunnskóla. Borga þarf fyrir veru á frístundaheimilum en félagsmiðstöðvarnar eru ókeypiss nema þegar um sérstaka viðburði er að ræða.

3.2 Tómstundir fatlaðra ungmenna í Danmörku

Hvort sem það eru fatlaðir eða ófatlaðir einstaklingar gildir að það er einstaklingsmunur á því hversu mikið af tómstundum hver hefur og hvernig þær eru nýttar. Rannsókn sem framkvæmd var af „Det Nationale Forskningscenter for Velfærd“ (SFI) sýnir að það er ekki hindrun í sjálfu sér að hafa fötlun þegar kemur að samfélagsþátttöku, sjálfböðavinnu eða samverustundum með fjölskyldunni. Það er hins vegar munur á fötluðum og ófötluðum einstaklingum þegar kemur að tómstundum eins og að fara í bíó, leikhús, á kaffihús, veitingastaði og þess háttar. Um það bil 40% ófatlaðra fara á kaffihús, í bíó eða eitthvað svipað viku- eða mánaðarlega en einungis 23% fatlaðra einstaklinga sem eiga við mikla líkamlega og andlega fötlun. Rannsóknin sýnir einnig að ef einstaklingur tekur þátt í tómstundastarfi þá eykur það líkurnar á að viðkomandi taki þátt í öðru sambærilegu starfi. Hér er því þátttaka mikilvæg. Varðandi tómstundaiðkun þá fara til dæmis helmingi færri fatlaðir einstaklingar á kaffishús í Danmörku en þeir sem eru ófatlaðir. Næstum tveir þriðju líkamlega fatlaðra segja fötlun sína vera mestu hindrunina í að stunda tómstundir á móti rúmlega fjórðungi andlega fatlaðra. Tæplega 70% andlega fatlaðs

fólks segja að fötlun sín sé bundin félagslegum aðstæðum en einungis 35% líkamlega fatlaðra einstaklinga. Margir iðka íþróttir í frítíma sínum. Einungis fjórðungur fatlaðs fólks í Danmörku tekur þátt í félagsíþróttum hjá íþróttafélagi eða íþróttaklúbba á móti tæpum helmingi ófatlaðra. Munurinn er minni þegar um er að ræða valfrjálssar íþróttir. Danska íþróttasamband fatlaðra, sem áður hét „Dansk Handicap Idræts- Forbund“ en heitir núna „Parasport“, hefur samtals um fjögur hundruð félagaklúbba og í kringum þrettánþúsund og sexhundruð félaga. Félagaklúbbarnir bjóða upp á líkamshreyfingu innan fleiri en þrjátíu íþróttagreina (Det Centrale Handicapråd, e.d.).

Á heimasíðu samtakanna kemur fram að ástæða nafnabreytingarinnar er meðal annars að ná til breiðari hóps og samhliða að setja nútímalegri áherslur. Í fyrra nafninu hafi falist hindrun fyrir þá einstaklinga sem sjá sig ekki sem fatlaða. Forskeytið „para“ vísi til orðanna „parallelt/ligestille“ sem þýða samsíða eða jafnsettur (Parasport, e.d.).

Það er tiltölulega stór munur á því hvernig andlega og líkamlega fatlaðir einstaklingar upplifa hindranir í sambandi við þátttöku í félagslífi. Um 64% fatlaðra einstaklinga með líkamlega fötlun segja að fötlunin sé það sem takmarki þátttöku þeirra mest á móti því að einungis 26% andlega fatlaðra upplifa fötlun sína sem takmörkun. Aftur á móti segjast 69% af andlega fötluðum að takmörkun þeirra sé bundin af félagslegum aðstæðum en það á einungis við um 35% líkamlega fatlaðra (Det Centrale Handicapråd, e.d.).

4 Aðgengi

Rannsóknir sýna að aðgengi er forsenda samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Skortur á aðgengi stuðlar að félagslegri útskúfun og ýtir undir fordóma. Þetta á við um aðgengi í víðasta skilningi, allt frá aðgengi að manngerðu umhverfi til aðgengis að upplýsingum, menntun og menningu svo nokkuð sé nefnt. Í rannsóknum kemur fram að baráttuhreyfingar fatlaðs fólks hafa lagt mikla áherslu á aðgengi og benda á að aðgengi taki til margra þátta, svo sem aðgengi að hjálpartækjum, þjónustu, verslunum, Interneti, svo og óáþreifanlegu aðgengi svo sem að orðræðu samfélagsins (Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014).

Ferðaðþjónustan heftir fatlað fólk félagslega vegna þess hve tímafrekt er að ferðast með henni, hve langan fyrirvara þarf til að panta þjónustuna, hversu fáar ferðir eru leyfilegar á mánuði og hve snemma akstri lýkur á kvöldin. Leigubílar eru í boði utan þess tíma sem ferðaðþjónustan starfar en þá þarf fatlað fólk að greiða fullt gjald. Það er kostnaðarsamt og ekki á færi allra. Fyrirkomulag á ferðaðþjónustu fatlaðra á því sinn þátt í því að stuðla að félagslegri útskúfun og einangrun fatlaðs fólks. Þá kom það fram í rannsóknunum að auk annmarka þjónustunnar ýtir það undir staðalmyndir (Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014).

Danir tilgreina að aðgengi taki yfir líkamlegt aðgengi að byggingum, samgöngutækjum og útivistarsvæðum eins og skógum, bílastæðum og gangstéttum. Einnig á það við aðgengi að upplýsingum og samskiptum og hér undir falla stafrænir miðlar eins og vefverslanir, opinberar heimasíður, heimabanki og hraðbanki, samfélagsmiðlar, sjónvarp og útvarp (Det Centrale Handicapråd, e.d.).

4.1 Tónleikar á Íslandi

Gott aðgengi að tónleikastöðum er forsenda þess að fatlað fólk geti sótt þá. Eldri byggingar sem lutu eldri byggingareglugerðum eru á undanþágum en hefur verið breytt eins og hægt er til þess að uppfylla nútímakröfur um aðgengi fatlaðs fólks. Ný tónleikahús eins og Harpa, sem opnaði árið 2011, ættu því að uppfylla öll skilyrði núverandi byggingareglugerðar varðandi aðgengi fatlaðs fólks (Harpa, e.d.).

Á heimasíðu Hörpu er ekki að finna neinn tengil sem vísar á aðgengi fyrir fatlað fólk og ef eftir því er leitað skila niðurstöður engu. Ef orðið *hreyfihamlaðir/ur* er slegið inn kemur upp

orðið aðkoma. Þegar slegið er inn orðið *blindur* kemur upp auglýsing um tónleikaviðburð þar sem hinn blindi píanóleikari Nobuyuki Tsujii kemur framen engar upplýsingar fyrir blinda gesti tónleikahússins sem sækja þangað viðburði. Hins vegar skilaði leit á orðinu *sjóndapur* niðurstöðunni um aðkomu. Orðin *heyrnarlaus/ir* gefa enga niðurstöðu en *heyrnarskertir/ur* skilar niðurstöðunni um aðkomu. (Harpa, e.d.)

Í leitarniðurstöðum á aðkomu er sagt að hreyfihamlaðir eigi gott aðgengi að húsinu. Í aðalsalnum, Eldborg, eru tvö gjaldfrjáls stæði fyrir hjólastóla. Ef þau eru seld verður hinn hreyfihamlaði að kaupa sér miða og biðja um að sæti sé tekið burt svo hægt sé að koma hjólastólnum fyrir. Láta þarf vita minnst tveimur sólarhringum fyrir viðburð að hreyfihamlaður einstaklingur þurfi að nota stæðið. Sérstök bílastæði eru fyrir hreyfihamlaða við innganginn inn í Hörpu frá sambyggðu bílastæðishúsi. Lyftur tengja allar hæðir saman, hurðir gera ráð fyrir umferð hreyfihamlaðra og sérstök salerni eru fyrir þá. Ef hinn hreyfihamlaði þarf á aðstoðarmanneskju að halda þarf hann að kaupa aukamiða fyrir hana og borga fullt miðaverð þótt viðkomandi sé í vinnu fyrir hinn hreyfihamlaða. Þetta þýðir að ef hinn hreyfihamlaði getur ekki nýtt sér gjaldfrjálsa svæðið verður hann að borga tvöfalt miðaverð. Sé hann svo heppinn að komast í hið gjaldfrjálsa stæði „sleppur“ hann með eitt miðaverð fyrir aðstoðarmanneskjuna. Þetta gildir einungis um Eldborgarsalinn og er mikill aukakostnaður fyrir hinn fatlaða einstakling (Harpa, e.d.).

Ef aðrir salir Hörpu eru skoðaðir kemur í ljós að það er ekki boðið upp á gjaldfrjáls stæði í neinum þeirra. Einnig þarf að láta vita með tveggja sólarhringa fyrirvara og biðja um að teknir séu út stólar, fastir og/eða lausir, svo hægt sé að koma hjólastól fyrir. Þetta getur vart talist notendavænt fyrir fatlaða einstaklinga, hvað þá hópa. Upplýsingar um aðstoð í boði fyrir sjóndapra finnast á heimasíðunni og eru skilaboðin sú að þurfir þú aðstoð við að komast á milli staða í Hörpu ertu beðin/nn að láta miðasölu vita með góðum fyrirvara – ótilgreint. Upplýsingar eru um aðstoð í boði fyrir heyrnaskerta og er bent á að fólk sem noti heyrnartæki geti haft verulegt gagn af tónmöskvakerfi eða sambærilegu kerfi en hægt er að fá afnot af slíkum búnaði í Hörpu. Gestir sem óska eftir að fá afnot af búnaðinum þurfa að láta miðasölu vita þegar miðar eru keyptir. Aðeins inni í Eldborg, Silfurbergi, Norðurljósum og Kaldalóni er þessi þjónusta í boði (Harpa, e.d.).

Þegar heimasíða menningarhússins Hofs er skoðuð blasir það sama við og hjá Hörpu – engir tenglar sem vísa í þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk. Sama er hvaða orð yfir fötlun, hreyfihamlaður/ir, sjónskertur/ir, heyrnarskertur/ir er slegið inn, það skilar engu. Undir

flípanum *aðgengi* eru einungis upplýsingar um fatlaða og heyrnardaufa og þar eru nánast sömu upplýsingar um þá flokka og lesa má inni á heimasíðu Hörpu. Ekki er þar minnst einu orði á sjónskerta (Menningarfélag Akureyrar, e.d.).

4.2 Tónleikar í Danmörku

Danska tónleikahúsið Koncerthuset í Kaupmannahöfn opnaði árið 2009. Leitarstrengnum inni á heimasíðu hússins er stýrt inn á viðburðaleit en ekki þjónustuleit. Undir flípanum *Viðskiptavinir* má finna undirflípa með yfirskriftinni *Hvernig get ég pantað pláss fyrir fatlaðan einstakling og fylgdarmannskju*. Þar stendur að hjólastólanotendur, blindir og aðrir með „ledsagekort“, sem þýðir kort fyrir fylgdarmann, frá Danske Handicaporganisationer eigi að panta miða sína í gegnum þjónustuver Koncerthus. Við miðapöntun með fylgdarmannskorti er mögulegt að fá einn miða fyrir fylgdarmann án sérstakrar greiðslu (Koncerthuset, e.d.).

Fylgdarmannskort er kort sem er gefið út í Danmörku af Danske Handicaporganisationer til handa fötluðum einstaklingum sem þurfa á fylgdarmannskju að halda. Með kortinu gefst fötluðum einstaklingum tækifæri til þess að fara allra sinna leiða í samfélaginu, svo sem í strætó, í lest, í neðanjarðarlestina, á söfn, í leikhús og þess háttar. Þeir sem eiga rétt á fylgdarmannskorti eru allir, óháð aldri, sem eiga við líkamlega eða andlega fötlun eða hvorutveggja að stríða (Danske Handicaporganisationer, e.d.).

Í Óðinsvéum í Danmörku er nýtt tónleikahús, Odeon, sem opnaði á árinu 2017. Inni á aðalheimasíðu hússins blasir strax við borði þar sem hagnýtar upplýsingar er að finna. Þar má meðal annars sjá upplýsingar um aðgengi fyrir fatlað fólk en þar segir:

Fatlaðir einstaklingar sem við miðapöntun vekja athygli á því að þeir þurfi fylgdarmann fá miða fyrir fylgdarmanninn, án þess að greiða sérstaklega, gegn framvísun fylgdarmannskorts. Takmarkaður fjöldi fylgdarmannasæta er í salnum á hverjum viðburði fyrir sig og því gætu þau verið uppseld (Odeon, e.d.).

Við nánari lestur, undir flípanum um miðakaup og upplýsingar, má lesa um kaup á miðum fyrir fatlað fólk. Húsið upplýsir að ef þú notir hjálpartæki til þess að ganga um, svo sem hjólastól eða hækjur, ráðleggja þeir fólki að kaupa miða fyrir fatlaða og vísa á söluaðilann og gefa upp símanúmer. Ef hinn fatlaði einstaklingur á erfitt með að komast í sæti án hjálpar fylgdarmanns þá borgar fatlaði einstaklingurinn sinn miða en miði fylgdarmannsins er gjaldfrjál. Sæti fylgdarmanna eru almennir stólar og er staðsetning þeirra í salnum valfrjáls séu þeir við hlið

hins fatlaða. Það er takmarkaður fjöldi ókeypiss fylgdarmannasæta og þau gætu verið uppseld. Ef svo er getur fylgdarmaðurinn keypt miða á sama verði og hinn fatlaði einstaklingur. Sama krafa er gerð hjá Odeon og Koncerthuset að framvísa verður fylgdarmannskorti (Odeon, e.d.).

4.3 Íþróttir fatlaðs fólks á Íslandi

Íþróttasamband Fatlaðra (ÍF) er æðsti aðili varðandi íþróttir fatlaðra á Íslandi og fellur starfsemi þess innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Starfsemi ÍF felst í því að hafa yfirumsjón með, og vinna að eflingu á, allri íþróttastarfsemi fatlaðra á Íslandi ásamt því að koma fram fyrir hönd sambandsins á erlendum vettvangi. Sambandið hefur um árabil verið í fremstu röð þeirra sérsambanda innan ÍSÍ sem hafa náð góðum árangri á alþjóðavísu með skýrum markmiðum sínum og metnaði í barna- og unglíngastarfi svo og afreksstarfi. Starfið hefur verið einfaldað og á nú að ná yfir allar íþróttagreinar sem stundaðar eru innan ÍF. Innan ÍF eru tuttugu og þrjú aðildarfélag víðsvegar af landinu. Það elsta var stofnsett árið 1962 og þau yngstu árið 1992. Núgildandi lög samtakanna eru frá árinu 2017 (Íþróttasamband fatlaðra. e.d.).

Í lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 52/1992, segir í 3. kafla, 7. gr. um almenna þjónustu að ávallt skuli leitast við að veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í 11. kafla, 26. gr. laganna þar sem fjallað er um félagslega hæfingu og endurhæfingu er alltaf lagt út frá læknisfræðilegri endurhæfingu, það er þroskaþjálfun og iðjuþjálfun. Ekki er talað um örvun í formi íþróttar sem er félagsleg nálgun andstætt þeirri læknisfræðilegu (Lög um málefni fatlaðra, nr.59/1992).

ÍF hefur sett sér afreksstefnu fyrir árin 2013-2020 en þar segir meðal annars

að sambandið hafi ávallt á að skipa einstaklingum, eða liðum, í sinni íþróttagrein sem standist kröfur til keppni á alþjóðlegum mótum. Í því felst að stakir íþróttamenn, eða lið, keppi og vinni til verðlauna á stórmótum svo sem Evrópu-, Heimsmeistara- og Ólympíumótum. Afreksstefna ÍF byggir á þremur flokkum sem hafa mismunandi skyldur, kröfur og réttindi eftir því hversu langt þeir eru komnir í átt að því að vera afreksíþróttamaður:

A-flokkur – afrekshópur

B-flokkur - íþróttamenn í færi við að komast í úrslit á stórmótum

C-flokkur - íþróttamenn sem hafa keppnisrétt á stórmótum

Til að geta talist afreksíþróttamaður og þar af leiðandi að vera í A-flokk ÍF eru til alþjóðleg viðmið sem eru svipuð fyrir allar íþróttir og eru þær lítið öðruvísi hjá fötluðum íþróttamönnum en þeim ófötluðu (Íþróttasamband fatlaðra. e.d.).

Fáheyrt er að fatlaður einstaklingur æfi hjá hinum hefðbundnu íþróttafélögum. Ástæður þess hafa ekki fengið mikla umfjöllun og ekki augljóst hvað það er sem kemur í veg fyrir að fatlað fólk æfi með venjulegu íþróttafélagi. Á heimasíðum íþróttafélaganna í Reykjavík má finna efni sem fjallar um jafnrétti. Í jafnréttisstefnu Knattspyrnufélagsins Vals segir

Jafnréttisstefna Knattspyrnufélagsins Vals. Knattspyrnufélagið Valur leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn. Félagið veitir öllum börnum og unglingum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni eða litarhætti. Laun þjálfara á barna- og unglingasviði taka mið af menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þeir þjálfar. Laun taka einnig mið af markaðnum og lúta lögmáli um framboð og eftirspurn (Knattspyrnufélagið Valur, e.d.).

Hér er talið upp kynferði, búseta, þjóðerni og litarháttur en ekki minnst einu orði á fatlaða einstaklinga. Í jafnréttisstefnu Víkings, undir liðnum fordómar, segir: „Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgengin(n) eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna“ (Knattspyrnufélagið Víkingur, e.d.).

Ekki er að finna aðra umfjöllun hjá Víkingi um fatlaða nema þessa undir liðnum um fordóma. Af þessu má ráða að ekki sé gert ráð fyrir að fatlað fólk stundi íþróttir hjá hefðbundnum íþróttafélögum. Af því leiðir að íþróttaiðkun fatlaðs fólks einskorðast við íþróttafélag innan vébanda ÍF. Í ljósi þess að ÍF er innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), eins og félagin Valur og Víkingur, gefur það tækifæri til stefnumörkunar fyrir íþróttahreyfinguna og styðja við þátttöku fatlaðs fólks í íþróttum – óháð félagi.

Í lögum Víkings kemur fram í 2. grein um markmið félagsins: „Markmið félagsins er að iðka og útbreiða íþróttir og stuðla að heilbrigðu og þroskandi félagslífi, í samræmi við gildandi íþróttanámskrá félagsins á hverjum tíma og gildandi stefnu ÍSÍ um barna-, unglinga- og afreksíþróttir“ (Knattspyrnufélagið Víkingur, e.d.).

Þá stendur í samþykktum Vals, í 2. grein, um markmið félagsins: „Markmið félagsins er að iðka og útbreiða knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik karla og kvenna. Félagið er almennt félag og er því heimilt að vera eigandi í hlutafélögum, standa að stofnun sjálfseignarstofnana...“ (Knattspyrnufélagið Valur, e.d.).

Íþróttir fyrir fatlaða eru mjög mikilvægar, þar sem þær stuðla að auknum líkamlegum styrk hins fatlaða auk þess að efla sjálfstraust og félagsþroska. Margir fatlaðir lifa við vanmat á eigin getu og oft hefur leiðin til sjálfshjálpar legið í gegnum þátttöku í íþróttum (Íþróttasamband fatlaðra, e.d.).

Á vegum ÍF eru Íslandsmót haldin í eftirfarandi greinum: Boccia, bogfimi, borðtennis, lyftingum, frjálsum íþróttum og sundi. GSFÍ, golfsamtök fatlaðra, er samstarfsverkefni ÍF og Golfsambands Íslands. Knattspyrnunefnd ÍF og Knattspyrnusamband Íslands starfar að þróun á sviði knattspyrnu fyrir fatlaða og stendur fyrir Íslandsleikum Special Olympics í knattspyrnu. Starfshópur ÍF og Hestamiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki hefur staðið fyrir tveimur ráðstefnum um reiðþjálfun og reiðmennsku fatlaðra. Samstarf er í þróun við Háskólann á Hólum um aukna fræðslu reiðkennara á þessu sviði. Samstarf hefur verið við Vetraríþróttamiðstöð Íslands og Challenge Aspen í Colorado varðandi þróun á sviði vetraríþróttar fatlaðra. Árið 2006 hófst samstarf við Winter Park í Colorado en leiðbeinendur frá Challenge Aspen og Winter Park hafa komið til Íslands og haldið námskeið (Íþróttasamband fatlaðra, e.d.).

Einn einstaklingur hér á landi stundar handahjólreiðar en þær falla undir Alþjóðahjólreiðasambandið UCI en ekki Íþróttasamband fatlaðra (Fréttablaðið, 24.mars 2018).

4.4 Íþróttir fatlaðs fólks í Danmörku

Í Danmörku er boðið upp á fjölbreyttar íþróttir fyrir fatlað fólk. Innan danska Íþróttasambandsins (Dansk Idræts Forbund) má finna upplýsingar um eftirtaldar íþróttir: Frjálsar íþróttir, badminton, boccia, keilu, bogfimi, hjólreiðar, rafmagnshjólástóla hokkí, fótbolta, markbolta, golf, fimleika, hokkí/bandy, handbolta, júdó, hjólástólakörfubolta, hjólástólakrullu, hjólástóladans, hjólástólafótbolta, hjólástólaruðning, hjólástólatennis, rathlaup, útreiðar, róðraríþróttir, siglingar, skotfimi, snóker, sund og vetraríþróttir (Dansk Idræts Forbund, e.d.).

Með því að bera saman framboð á íþróttagreinum fyrir fatlað fólk á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar kom í ljós að þar er framboðið fjölbreyttara. Þar eru í boði mun fleiri íþróttagreinar en hérlandis og skýrist það að einhverju leyti af fólksfjölda. Íþróttagreinar sem fötluðu fólk á Íslandi stendur til boða eru þær sömu og í Danmörku að því undanskyldu að lyftingar virðast ekki vera í boði fyrir fatlað fólk í Danmörku. Löndin eiga það sameiginlegt að

Íþróttaiðkun fatlaðs fólks fer fram undir merkjum íþróttafélaga sem eru sérstaklega ætluð fötluðu fólki en er ekki boði hjá hefðbundnum íþróttafélögum.

4.5 Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk á Íslandi

Á Íslandi má skipta almenningssamgöngum á landi í þrennt. Fyrst ber að telja fólksflutninga á milli sveitarfélaga en þeir eru reknir samkvæmt sérleyfi frá Vegagerðinni. Næst eru almenningssamgöngur innan sveitarfélaga og síðast eru almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru líka að hluta til á milli þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að Strætó bs. Samgöngur sem eru reknar samkvæmt sérleyfum, og almenningssamgöngur á milli sveitarfélaga, njóta ríkisstyrkja. Fólksflutningum á milli sveitarfélaga sem eru í umsjón Vegagerðarinnar er skipt í fimm þjónustuvæði, hvert með sinn megináfangastað. Þrjú af þjónustuvæðunum miðast við höfuðborgarsvæðið en þau eru: Suðurland, Reykjanes og Vestur- og Norðurland. Tvö af þjónustuvæðunum, Vestfirðir og Austfirðir, miðast við flugvöllina á Ísafirði og Egilsstöðum sem megináfangastaði og tengingu þessara landshluta við höfuðborgarsvæðið í gegnum þá (Stjórnarráð Íslands, 2010).

Í sameiginlegum reglum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykktar voru í maí 2014, kemur fram í fyrstu grein að ferðapjónusta fatlaðra sé ætluð til nota fyrir þá íbúa höfuðborgarsvæðisins (Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Seltjarnarnes) sem uppfylli eitt eða fleiri eftirtalin skilyrði: Hjólastólanotendur, blindir og ófærir um að nota almenningsvagnþjónustu vegna annarrar langvarandi fötlunar (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 2014).

Umsóknir um þjónustu eru afgreiddar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Þar eru samþykktar heimildir fyrir hvern og einn farþega, til þess að nýta sér akstursþjónustu Strætó bs, ásamt því að ákveða fjölda ferða sem hver einstaklingur hefur heimild til að nýta sér á mánaðartímabili og gjaldskrá fyrir þjónustuna. Í Reykjavík eru umsóknir sendar til þjónustumiðstöðvar í því hverfi sem umsækjandi býr í en í Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ eru þær sendar til félagsþjónustu þess sveitarfélags sem umsækjandi er með lögheimili. Akstursþjónustuvæðið miðast við allt höfuðborgarsvæðið að álverinu í Straumsvík í Hafnarfirði, Heiðmörk, Lækjarbotnum, Hafravatni, Gljúfrasteini í Mosfellsbæ og í Grundarhverfi á Kjalarnesi (Akstursþjónustan, e.d.).

Í mars 2015 gerðu Blindrafélagið og velferðarsvið Reykjavíkur með sér nýjan ferðaðþjónustusamning og því klauf Blindrafélagið sig út úr ferðaðþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Samningur var svo endurnýjaður árið 2017. Ellefu önnur sveitarfélög hafa gert mismunandi samninga við Blindrafélagið um akstursþjónustu. Ferðaðþjónusta Blindrafélagsins reiðir sig ekki á sérlausnir heldur veitir þjónustuúrræði sem nýtir leigubílaþjónustu sem fyrir er í samfélaginu (Blindrafélagið, e.d.).

Í upphafi árs 2011 var gerð sú breyting á 1. grein laga um málefni fatlaðra að nú er kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli litið til alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að, svo sem SRFF samninginn (Blindrafélagið, e.d.).

Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar, nr. 1800-536, sem heitir *Aðgengi fólks með fötlun að almenningssamgöngum á landi; staða mála og mögulegar umbætur*, kemur eftirfarandi fram.

Hvergi er að finna í löggjöf hér á landi skýr ákvæði um rétt fólks með fötlun til aðgengis að almenningssamgöngum. Afleiðingin er sú að hagsmunum þessa fólks varðandi aðgengi hefur til þessa ekki verið gefinn nægjanlegur gaumur í skipulagi samgangna og við hönnun og byggingu samgöngumannvirkja. Afar mikilvægt er að við uppbyggingu almenningssamgangna og samgöngukerfisins í heild til framtíðar séu aðgengismál að öllu leyti tekin með á grundvelli vandaðrar löggjafar sem byggð er á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þannig verði í stefnumörkun, skipulagningu, undirbúningi, útboðum og samningum um almenningssamgöngur og framkvæmd þessara mála unnið í samræmi við vandaða löggjöf með hagsmuni fólks með fötlun að leiðarljósi á allan hátt (Vegagerðin, 2016).

Í skýrslunni kemur fram að bætt aðgengi að almenningssamgöngum er þjóðhagslega hagkvæmt, eykur sjálfbærni og aðgengi án mismununar eða aðgreiningar, eykur lífsgæði og sjálfstæði fólks með fötlun. Höfundar leggja til hugmyndir að úrbótum um að bæta aðgengi fatlaðra að almenningssamgöngum sem meðal annars fela í sér að lagaumhverfi almenningssamgangna verði tekið til gagn Gerrar endurskoðunar og að heilsteypt löggjöf komi í stað sundurleitra og að mörgu leyti úreltra laga. Einnig leggja þær til að skilgreiningar hugtaka á sviði almenningssamgangna verði gerðar markvissari í löggjöf og hugtök sett fram á samræmdan hátt (Birna Hreiðarsdóttir og Harpa Ciliu Ingólfssdóttir, 2016).

Í mars 2017 gaf Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) út skýrslu um algilda hönnun utandyra og þar er talið upp meðal annars flæði, bílastæði, gangstéttir/götusvæði, leiðarlínur, áhrif veðurs, halli á gönguleið og skábrautir, tröppur og þrep, gatnamót og gönguþveranir yfir akbrautir, opin

svæði, lýsing, bekkir og götugögn, skilti og vegvísun, biðsvæði/biðskýli og gróður. Í inngangi skýrslunnar segir.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland fullgilti haustið 2016, er kveðið á um að fatlað fólk skuli njóta allra mannréttinda og mannfrelsis að fullu til jafns við aðra. Aðildarríkjum samningsins er því gert skylt að fjarlægja og koma í veg fyrir tálma sem valda því að fatlað fólk geti ekki tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli (Öryrkjabandalag Íslands, 2017).

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 segir í 35. gr. að sveitarfélög beri ábyrgð á að bjóða þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur ferðapjónustu sem gerir þeim kleift að stunda atvinnu, nám og tómstundir (Lög um málefni fatlaðra, nr.59/1992). Hvergi í lögunum kemur fram að sveitarfélögin geti mismunað notendum ferðapjónustunnar á grundvelli fötlunar og tekið einn hóp fram yfir aðra með annarskonar fötlun. Þá virðist ekki vera lagagrundvöllur fyrir því að mismuna ólíkum hópum fatlaðs fólks um þjónustustig. Bílarnir sem nýttir eru í aksturþjónustu fyrir fatlað fólk eru oftast smárútur sem keyra fleiri farþega með ólíkar endastöðvar. Einstaklingur sem nýtir sér þjónustuna getur lent í því að þurfa fara á aðra staði áður en hann kemst á áfangastað og lengist þá ferðalagið til muna. Þrátt fyrir að hafa ætlað sér rúman tíma getur viðkomandi lent í því að koma of seint á ákvörðunarstað þar sem að ferðatíminn er orðinn mjög langur. Stundvísi er alveg jafn mikilvæg fötluðu fólki og þeir sem þurfa að mæta á tilsettum tíma geta lent í verulegum vandræðum. Lágmarkstími til að panta ferð er sólarhringur ef bókað er á netinu eða með tölvupósti en einungis tvær klukkustundir ef hringt er. Krefst það mikillar skipulagningar fram í tímann. Þjónustutíminn er takmarkaður við eftirfarandi daga og tíma: „Frá klukkan 6:30 – 01:00 mánudaga til föstudaga, frá klukkan 7:30 – 01:00 á laugardögum, fráklukkan 9:30 – 01:00 á sunnudögum (Akstursþjónustan, e.d.).

Ljóst er að utan þessa tímaramma er illmögulegt fyrir fatlað fólk að ferðast með ferðapjónustunni, þurfi það til dæmis að mæta snemma í flug. Þá eru ekki til staðar skilgreind þjónustuviðmið á ferðatíma, það er að segja hversu langan tíma hver ferð má taka. Þar hallar mjög á notendur þjónustunnar og þess er krafist að þeir aðlagi daglegt líf sitt að þjónustunni. Notendurnir þurfa að áætla sér mun lengri ferðatíma, vakna mun fyrr og þurfa að vera reiðubúnir þegar ferðapjónustubíllinn kemur. Þeir sem veita þjónustuna ætla sér rúman ramma. Það sama á ekki við um einstaklinginn sem nýtir sér þjónustuna. Ef að viðkomandi kemur þremur mínútum of seint, hefur kannski tafist vegna ófyrirsjáanlegra atvika, þá er viðbúið að bíllinn

verði farinn. Notandi þjónustunnar verður þá að panta nýja ferð sem verður ekki í boði fyrr en að tveimur tímum liðnum.

4.6 Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk í Danmörku

Ábyrgð á almenningssamgöngum í Danmörku er skipt niður á ríki, bæi og sveitarfélög. Árið 1987 tók þjóðþing Danmerkur þá ákvörðun að bæta aðgengi fatlaðra að samgöngumiðstöðvum með því að tryggja betri aðkomu þeirra af að öllum almenningssamgöngum og innleiðingu á nýjungum, svokallað „telebussystem“ eða símastrætó sem er sérstök ferðapjónusta fyrir þá sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur. Símastrætóinn er orðinn að raunveruleika og geta allir notað hann, bæði fatlað fólk og ófatlað. Strætóinn ekur eftir fastri leið en stoppar ekki á öllum strætóstöðvum á leiðinni heldur einungis á þeim stoppistöðvum sem farþegarnir óska eftir. Kerfið virkar þannig að þú hringir í strætóbílstjóranum með klukkustundar fyrirvara og pantar hvenær og hvar á að sækja þig og hver endastöð þín er. Þetta getur verið mjög tímasparandi og hægt er að panta fastar ferðir á fyrirfram ákveðnum dögum (Nordjyllands Trafikselskab, e.d.).

Strætóar eru útbúnir með lyftu eða felligólfi, svokallaðir „lavtgvulbusser“, svo hreyfihamlaðir einstaklingar eigi auðveldara aðgengi. Lestarsamgöngur bjóða upp á þjónustu við fatlað fólk. Panta þarf þjónustuna rafrænt og ekki er hægt að gera breytingar á henni síðustu tólf tímuna fyrir brottför. Eyrarsundslestin býður upp á auðvelt aðgengi með lágu gólfi svipað og strætóarnir. Í umræðu er að útbúa nýja lestir sem auðvelda fötluðum aðgang (Dansk Handicaporganisationer, e.d.).

Það virðist því vera markviss uppbygging og endurnýjun á samgöngukerfunum í Danmörku með hagsmuni fatlaðs fólks að leiðarljósi og stefnt að samræmingu aðgengis í öllu landinu. Dönsk lög kveða á um að allir bæir og sveitarfélög þar í landi skuli bjóða upp á einstaklingsferðapjónustu fyrir fatlað fólk sem ekki getur nýtt sér önnur almenningssamgöngutæki. Þetta er akstur frá dyrum til dyra en skal eingöngu notaður til tólmstundaiðkunar. Leigubílaaðstoð er í boði fyrir þá sem þurfa til læknis, á sjúkrahús eða í skóla en þetta er nokkuð misjafnt á milli sveitarfélaga og upplýsingar takmarkaðar (Dansk Handicaporganisationer, e.d.). Líkt og á Íslandi er í boði fjárstyrkur til bílakaupa, í gegnum samfélagssjóði í velferðarkerfinu, fyrir þá einstaklinga sem hafa möguleika á að taka bílpróf. Reglurnar sem gilda um kaupin eru áþekkar í löndunum tveimur.

Frankvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) hefur nú lagt fram tilskipun um jafnt aðgengi borgara innan sambandsins að vörum og þjónustu. Evrópuþingið, og ráðherraráð ESB, hefur nú lagatillöguna til umfjöllunar. Markmið þeirra er að tryggja þeim sem búa við skerta félagslega, andlega eða líkamlega færni, svo sem hreyfihamlaðir, sjónskertir og heyrnaskertir, sama aðgengi og öðrum að þjónustu og vörum (e. European Accessibility Act). Lögin ná yfir: Tölvur og tölvukerfi, hraðbanka, miðasölur og innritunarvélar, snjallsíma, stafræna sjónvarpsþjónustu, símaþjónustu og skyldan búnað, sjónræna miðla svo sem sjónvarpsútsendingar og skyldan neytendabúnað, þjónustu varðandi flug, strætó, járnbrautir og fólksflutninga á sjó og vatni, bankaþjónustu, rafbækur og netviðskipti.

Danmörk er í ESB og mun því taka upp lögin ef þau verða samþykkt. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir fatlað fólk í Danmörku. Aðgengi þeirra að almenningsamgöngum verður auðveldara og upplifunin betri. Í því felst að geta notið sambærilegra lífsgæða og ófatlað fólk (Dansk Handicaporganisationer, e.d.).

5 Umræður

Til þess að gera sér grein fyrir hvað aðgengi fyrir fatlað fólk felur í sér, og hvað það nær yfir, þyrfti að skilgreina orðið aðgengi í opinberri umræðu. Þá bæði félagslegt aðgengi og umhverfislegt aðgengi því þetta tvennt helst í hendur.

Ef bornar eru saman skilgreiningar á líkamlegri fötlun hér á landi og í Danmörku er munurinn sá að hér hefur helst verið stuðst við læknisfræðilega skilgreiningu en ekki félagslega til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, SRFF, eins og Danir gera. Munurinn á þessum tveimur skilgreiningum er aðferðafræðin. Annars vegar er einblínt á einstaklinginn með fötlunina, líkamlegu hindrunina, án þess að tillit sé tekið til umhverfis hans, félagslegu hindrunarinnar. Danir líta frekar á umhverfið, hið félagslega, sem hindrun heldur en sjálfan einstaklinginn með fötlunina. Á þessum nálgunum er grundvallarmunur. Í SRFF samningnum er áherslan ekki lögð á það sem ekki er hægt að bæta eða breyta, líkamlegu hindrunina, yfir á að skoða umhverfi fatlaða einstaklingsins, félagslegu hindrunina, sem má breyta. Bæði löndin hafa fullgilt SRFF samninginn en Danir hafa gengið skrefinu lengra og innleitt hann í regluverk sitt.

Velta má upp þeirri spurningu hvort hægt sé að líta á einstaklinginn og samfélagið sem heild eins og Vanda gerir í sinni skilgreiningu. Jafnframt hvort að jákvæð áhrif á einstaklinginn jafngildi jákvæðum áhrifum á samfélagið. Dæmi um að þetta fari ekki saman væri hjá einstaklingi sem langar til þess að „graffa.“ Sumir líta á það sem listsköpun en það er enginn opinber vettvangur til slíkrar tjáningar – ekkert opinbert svæði eða veggur til þess að ástunda þessa tómstund. Hvað á viðkomandi þá að gera? Finni þessi einstaklingur sér vegg einhvers staðar, svo sem skúr, vegg í göngum við íbúðahús eða í undirgöngum undir götumannvirki, og ákveður að gefa listsköpun sinni útrás á einhverjum þeirra vaknar upp spurningin hvar mörk tómstunda og hugverka á óskilgreindum mannvirkjum liggja. Getur þessi tegund af tómstundum fallið undir almenna samfélagslega ánægju eða einangrast hún eingöngu við upplifun þess sem skapaði hana? Um það geta verið deildar meiningar og spurning hvort til séu dekkri hliðar tómstunda. Á að tengja þær við frelsi, val eða lífsgæði? Hafa til dæmis andfélagslegar tómstundir svo sem fjárhættuspil, sem leitt geta til fíknar en veita iðkendum jákvæða upplifun, jákvæð áhrifi á samfélagið í heild sinni? Í einhverjum tilfellum geta þó fjárhættuspil verið jákvæðar tómstundir ef um ábyrga spilahegðun er að ræða og ef spilavíti borga skatta til þjóðfélagsins af veltu sinni.

Að bera saman félagslega þátttöku fatlaðs fólks í löndunum tveimur reyndist illmögulegt því nánast engar opinberar rannsóknir eru til um félagslega þátttöku fatlaðra á Íslandi. Fyrsta skrefið væri að opinberir aðilar mundu ráðast í slíka rannsókn og væri þá öll vinna sem á eftir kæmi hnitmiðaðri. Miklar upplýsingar var að finna í nýlegri danskri rannsókn á félagsþátttöku fatlaðs fólks þar í landi. Það þyrfti þó ekki slíkrar rannsóknar við til að leiðrétta þá mismunun sem felst í því að fatlað fólk, sem þarf á aðstoðarmanneskju að halda, þurfi að greiða tvöfalt miðaverð á tónlistar- og menningarviðburði. Það má segja að með því að krefjast tvöfalda miðaverðs brjóti tónleikahaldari 2.gr. SRF samnings Sameinuðu þjóðanna. Fylgdarmannskort hafa verið í boði fyrir fatlað fólk í Danmörku um langa tíð og gefist vel.

Munurinn á milli landanna á þeim fjölda íþróttagreina sem fötluðu fólki stendur til boða að stunda er mikill. Skýringuna má að einhverju leyti finna í mun á íbúafjölda þar sem Danir eru margfalt fjölmennari þjóð. Engu að síður leiðir samanburðurinn í ljós að það er tækifæri til að fjölga íþróttagreinum hérlendis sem að fötluðu fólki stæði til boða að leggja stund á. Að taka þátt í íþróttastarfi er ein leið til þess að hjálpa einstaklingum að brjótast út úr þeirri einangrun sem oft er til staðar. Því miður eru enn allt of margir fatlaðir einstaklingar víðsvegar um landið sem ekki hafa fengið tækifæri til þess að kynna íþróttum eða taka þátt í þeim þar sem svo til allt framboð af íþróttastarfi fyrir fatlað fólk fer fram á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar ferðapjónustan sem er í boði á Íslandi var skoðuð kom í ljós að ákveðinn hópur fatlaðra, í þessu tilviki blindir, gátu tekið sig út úr heildarsamningi um ferðapjónustu, sem Strætó b.s. heldur úti, með hjálp Reykjavíkurborgar. Samningurinn sem þeir gerðu felur í sér að eingöngu er notast við leigubílaakstursþjónustu og hana er hægt að fá allan sólarhringinn. Hér á landi eru því til staðar aðgreining á milli ólíkra fötlunarhópa. Samanburður á ferðapjónustu á Íslandi annars vegar og í Danmörku hins vegar leiddi í ljós að hérlendis er miðað við að ferðapjónusta fatlaðra sé alltaf notuð í allar ferðir án skilgreiningar. Þá þarf að panta þjónustuna með góðum fyrirvara sem er athyglisvert á hinni rafrænu 21. öld. Einnig er tímarammi þjónustunnar takmarkaður, engin þjónusta er í boði frá eitt um nóttina fram til hálfssjö að morgni virka daga og frá eitt um nóttina fram til hálfátta á laugardögum og hálf tíu á sunnudögum.

Danir bjóða líka upp á ferðapjónustu. Það er einstaklingsferðapjónusta frá dyrum til dyra fyrir þá sem ekki geta nýtt sér önnur almenningssamgöngutæki en hún er eingöngu í boði til að stunda tólmstundir. Leigubílaaðstoð er í boði fyrir þá sem þurfa til læknis, á sjúkrahús eða í

skóla. Þó er þetta aðeins misjafnt milli sveitarfélaga í Danmörku. Símastrætóinn í Danmörku er flott þjónusta sem ekki er í boði hér á landi og væri áhugavert að skoða. Miðaverð í almenningssamgöngur er niðurgreitt í báðum löndum og fatlað fólk borgar þá barnagjald. Danir hafa skipulega verið að bæta aðgengi fatlaðra að almenningssamgöngutækjum og eru um þessar mundir að kaupa nýjar lestir sem auðvelda fötluðum aðgengi.

6 Lokaorð

Hugtakið félagslegt aðgengi er mjög víðtækt og mun víðtækara en almennt er skilningur á. Í því felst að það sé ótakmarkað aðgengi að allri félagslegri samfélagsþátttöku án aðgengishindrana í umhverfinu, menntunar- og menningarlegra hindrana, tæknilegra hindrana, lagalegra hindrana, samgöngu- og samskiptahindrana. Ég bind miklar vonir við vinnu dómsmálaráðuneytisins um hvort fullgilda eigi valfrjálsa viðaukann við SRFF samning Sameinuðu þjóðanna og í framhaldi af því hvort beri að lögleiða bæði samninginn og viðaukann. Það yrði mikil réttarfarsbót fyrir fatlaða. Það atriði sem ég tel að hægt væri að ráðast í þegar í stað er innleiðing á fylgdarmanskorti eins og fyrirfinnst í Danmörku. Það eru sjálfsögð mannréttindi en ólíðandi er að fatlað fólk á Íslandi skuli búa við hindrað félagslegt aðgengi. Fjölbreytileikinn er fallegur og það eiga allir rétt á að fá notið lífshamingju og fullrar samfélagsþátttöku án hindrana eða skerðingar. Það er von mín að umfjöllunarefni ritgerðarinnar muni einhversstaðar vekja athygli á þeirri félagslegu mismunun sem fatlað fólk á Íslandi býr við í dag.

Heimildaskrá

Akstursþjónustan. (e.d.). Aksturstími bílanna. Sótt af <http://www.akstursthjonusta.is/21>

Akstursþjónustan. (e.d.). Þjónustusvæði. Sótt af <http://www.akstursthjonusta.is/28>

Blindrafélagið. (e.d.). Ferðaþjónusta blindrafélagsins. Sótt af <https://www.blind.is/is/thjonusta/ferdathjonusta>

Dansk handicapråd. (2016). Viden om holdninger og handicap. Sótt af <http://www.dch.dk/sites/default/files/Viden%20om%20holdninger%20og%20handicap.pdf>

Danske handicaporganisationer. (2018). DH er med i arbejdet om mere tilgængelige tog. Sótt af <http://www.handicap.dk/nyheder/nyhedsarkiv/dh-er-med-i-arbejdet-om-mere-tilgaengelige-tog/>

Danske handicaporganisationer. (e.d.). Ledsagekort Sótt af <http://www.handicap.dk/brugerservice/ledsagekort/>

Danske handicaporganisationer. EU's tilgængelighedsdirektiv (European Accessibility Act) Sótt af <http://www.handicap.dk/politik/tilgaengelighed/eus-tilgaengelighedsdirektiv-european-accessibility-act/>

Det centrale handicapråd. (2002). Dansk handicappolitik. Sótt af <https://viden.sl.dk/media/7269/danskhandicappolitik.pdf>

Det centrale handicapråd. (2014). Mennesker med handicap i Danmark. Sótt af http://www.dch.dk/sites/default/files/Mennesker%20med%20handicap%20i%20Danmark_FINAL.pdf

Harpa Cilia Ingólfssdóttir. (2017). *Algild hönnun utandyra*. Stefán Vilbergsson. Sótt af https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skjol/obi_adgengi_2017_44.pdf

Harpa. (e.d.). Aðkoma. Sótt af <https://www.harpa.is/harpa/adkoma/>

Íþróttasamband fatlaðra. (e.d.). Lög íþróttasambands fatlaðra. Sótt af <https://www.ifsport.is/page/log-ithrottasambands-fatladra>

Íþróttasamband fatlaðra. (e.d.). Stjórnir aðildarféлага Íþróttasambands fatlaðra. Sótt af <https://www.ifsport.is/page/adildarfelog>

Íþróttasamband fatlaðra. (e.d.). Upplýsingar. Sótt af <https://www.ifsport.is/page/upplysingar>

- Jacobsen, Anette Faye. (2017). Digital kommunikation i kommunerne. Sótt af https://menneskeret.dk/sites/menneskeret.dk/files/media/dokumenter/udgivelser/forskn ing_2017/imr_digitalisering_2017_web.pdf
- Justisministeret. (e.d.). (retsinformation.dk) Sótt af <https://www.retsinformation.dk/eli/lt/2018/102#id248d9686-820f-44f8-809c-f99d94ee8c76>
- Knattspyrnufélagið Víkingur. (2011). Lög Knattspyrnufélagsins Víkings. Sótt af <http://vikingur.is/felagidvikingur/loeg-felagsins>
- Knattspyrnufélagið Víkingur. (e.d.). Jafnréttisstefna. Sótt af <http://vikingur.is/felagidvikingur/jafnrettisstefna>
- Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir. (2014). *Fordómar og félagsleg útskýfun Samantekt á stöðu fatlaðs fólks eins og hún birtist í íslenskum rannsóknum frá árunum 2000 – 2013*. Sótt af https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/fordomar_og_felagsleg_utskufun_juli2014.pdf
- Koncerthuset. (e.d.). Brugerservice. Sótt af <http://www.handicap.dk/brugerservice/ledsagekort/>
- Koncerthuset. (e.d.). Kundecenter. Sótt af <https://drkoncerthuset.dk/kundecenter/>
- Kristjana Björg Guðbrandsdóttir (2018. 7. apríl). Ótrúlegt hvað lífið býður upp á. Fréttablaðið bls. 26.
- Lög um greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nr. 83/2003
- Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Mannréttindahugtakið. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindahugtakið>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). Réttindi fatlaðs fólks. Sótt af <http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinna-hop/fatlad-folk>
- Marie Lecerf, 10. nóvember 2017, European Accessibility Act, sótt af http://www.europarl.europa.eu/thinktank/en/document.html?reference=EPRS_BRI%282017%29603973
- Menningarfélag Akureyrar. (e.d.) AÐGENGI OG STAÐSETNING. Sótt af <https://www.mak.is/is/um-mak/menningarhus/adgengi-og-stadsetning>
- Nordjyllands Trafikselskab (NT). (e.d.). Telebus. Sótt af <https://www.nordjyllandstrafikselskab.dk/Bus---togtrafik/Telebus-og-teletaxa/Telebus>

Odeon. (e.d.). Billet og information. Sótt af <https://odeonodense.dk/billet-og-information>

Odeon. (e.d.). Praktisk information. Sótt af <https://odeonodense.dk/praktisk-information>

Parasport. (e.d.). Sótt af <http://parasport.dk/FrontPage/default.asp?action=showarticle&articleID=5223&id=58>

Reykjavíkurborg. (e.d.). Frístundastarf fatlaðs fólks. Sótt af <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundastarf-fatlads-folks>

Samgönguráð og Landshlutasamtök sveitafélaga. (2010) Almenningsamgöngur. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir2010/Almenningsamgongur-umraeduskjalid.pdf>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 1. og 2. gr./2007

Samtök sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu. (2014). Sameiginleg ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu – Sameiginlegar reglur. Sótt af <https://storage.googleapis.com/selfdrive-user-files/5db4f459-e9ba-4d10-903e-13eb37f4f352.pdf>

Serviceoven nr. 102/2018.

Sigurjón Unnar Sveinsson. (2015, júlí og uppfært að hluta 2016, 23. september 2016). Spurning og svör um samninginn. Sótt af <https://www.obi.is/is/radgjof-og-thjonusta/samningur-sameinudu-thjodanna-um-rettindi-fatlads-folks>

Socialstyrelsen. (e.d.). Handicap. Sótt af <https://socialstyrelsen.dk/handicap>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>

Stjórnarráð Íslands. (e.d.). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasattmalar/samningur-sameinudu-thjodanna-um-rettindi-fatlads-folks/>

Rannveig Traustadóttir. (2005). Kynferði og fötlun. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Valur. (2014, 8. maí). Samþykktir knattspyrnufélagsins Vals. Sótt af <https://www.valur.is/um-val/samthyktir.aspx>

Valur. (e.d.). Jafnréttisstefna knattspyrnufélagsins Vals. Sótt af <https://www.valur.is/um-val/stefna/jafnrettisstefna.aspx>

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/7815>

Birna Hreiðarsdóttir og Hörpa Ciliu Ingólfssdóttir. (2016). *Aðgengi fólks með fötlun að almenningssamgöngum á landi; staða mála og mögulegar umbætur*. Sótt af [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Adgengi_folks_med_fotlu_almenningsamgongur/\\$file/ADGENGI_FOLKS_MED_FOTLUN_AD_ALMENNINGSAMGONGUM_SEPT_2016.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Adgengi_folks_med_fotlu_almenningsamgongur/$file/ADGENGI_FOLKS_MED_FOTLUN_AD_ALMENNINGSAMGONGUM_SEPT_2016.pdf)

Öryrkjabandalag Íslands. (e.d). Virkt samfélag, Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess. Sótt <https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/skyrsla-virkt-samfelag-2016.pdf>

Viðauki 1: Samningur um réttindi fatlaðs fólks

SAMNINGUR UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS¹

Formálsorð.

Ríkin, sem eiga aðild að samningi þessum,

- a) sem minnst meginreglna, sem kunngerðar eru í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem meðfædd göfgi og verðleikar og jöfn og óafsalanleg réttindi allra manna eru viðurkennd sem hornsteinn frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,*
- b) sem viðurkenna að Sameinuðu þjóðirnar hafa kunnbert og samþykkt, með almennu mannréttindayfirlýsingunni og alþjóðasamningunum um mannréttindi, að öllum mönnum beri öll þau réttindi og eigi tilkall til þess frelsis sem þar er greint frá, án aðgreiningar, í hvaða mynd sem er,*
- c) sem áréttu algildi gervallra mannréttinda og mannfrelsis og að þau eru óskiptanleg, háð innbyrðis og tengd og nauðsyn þess fyrir fatlað fólk að því sé tryggð þau réttindi og frelsi að fullu án mismununar,*
- d) sem minnst alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, alþjóðasamningsins um afnám alls kynþáttamisréttis, samningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samningsins gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu, samningsins um réttindi barnsins og alþjóðasamningsins um verndun réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra,*
- e) sem viðurkenna að hugtakið fötlun er breytingum undirorpið og að rekja má fötlun til víxlverkunar milli skertra einstaklinga og viðhorfstengdra tálma og umhverfishindrana sem koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli,*
- f) sem viðurkenna þýðingu meginreglna og leiðbeininga á sviði stefnumörkunar, sem alþjóðlega aðgerðaáætlunin í þágu fatlaðs fólks og samhæfðu reglunnar um jöfn tækifæri fyrir fatlað fólk hafa að geyma, fyrir framgang, mótun og mat á stefnumiðum, fyrirætlunum, áætlunum og aðgerðum innanlands, innan svæða og á alþjóðavettvangi í því skyni að jafna enn frekar tækifæri fötluðu fólki til handa,*

¹ Þýðingin var endurbætt í apríl 2009 af Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins.

g) *sem leggja áherslu á mikilvægi samþættingar málefna fatlaðra sem óaðskiljanlegs hlutar*

viðeigandi áætlana um sjálfbæra þróun,

h) *sem viðurkenna einnig að mismunun gagnvart sérhverjum einstaklingi vegna fötlunar gangi í*

berhögg við meðfædda göfgi og verðleika mannsins,

i) *sem viðurkenna enn fremur að fatlað fólk er sundurleitur hópur,*

j) *sem viðurkenna nauðsyn þess að stuðla að og vernda mannréttindi alls fatlaðs fólks, einnig þess*

sem þarf mikinn stuðning,

k) *sem hafa af því áhyggjur að þrátt fyrir þá margvíslegu gerninga og skuldbindingar er áður getur er fatlað fólk eftir sem áður hindrað í að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra og stendur frammi fyrir því að mannréttindi þess eru brotin alls staðar í heiminum,*

l) *sem viðurkenna þýðingu alþjóðlegs samstarfs um að bæta lífskjör fatlaðs fólks í öllum löndum, einkum þróunarlöndum,*

m) *sem viðurkenna þarft framlag fatlaðs fólks til almennrar velsældar og fjölbreytni samfélaga sinna, eins og það er nú og getur orðið, og að fylgi við að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls og sé virkir þátttakendur í samfélaginu muni leiða til aukinnar tilfinningar þeirra fyrir því að það tilheyrir samfélaginu og til umtalsverðrar framþróunar samfélagsins, jafnt á mannlega sviðinu sem og því félagslega og efnahagslega, og til þess að fátækt verði útrýmt,*

n) *sem viðurkenna gildi þess fyrir fatlað fólk að vera sjálfrátt og sjálfstætt, meðal annars að hafa frelsi til að taka eigin ákvarðanir,*

o) *sem telja að fatlað fólk ætti að eiga kost á því að eiga virka aðild að ákvarðanatöku um stefnumið og áætlanir, m.a. ákvarðanatöku sem varðar það með beinum hætti,*

p) *sem hafa áhyggjur af erfiðum aðstæðum sem fatlað fólk, sem reynir fjölþætta eða stórauðna mismunun sakir kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðlegs, þjóðernislegs eða félagslegs uppruna eða frumbyggjaættar, eigna, ætternis, aldurs eða annarrar stöðu, stendur frammi fyrir,*

q) *sem viðurkenna* að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu, innan heimilis sem utan, að verða þolendur ofbeldis, meiðsla eða misþyrminga, hirðuleysis eða vanrækslu, illrar meðferðar eða misnotkunar í gróðaskyni,

r) *sem viðurkenna* að fötluð börn ættu að njóta til fulls allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn og minnst skuldbindinga í þá veru sem ríki, sem eru aðilar að samningnum um réttindi barnsins, hafa undirgengist,

s) *sem leggja áherslu á* nauðsyn þess að tekið sé mið af kynjasjónarmiðum í þeirri viðleitni að stuðla að því að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til fulls,

t) *sem vilja draga fram* þá staðreynd að meirihluti fatlaðs fólks lifir í fátækt og viðurkenna í því sambandi að knýjandi þörf er á að vinna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem fátækt hefur á fatlað fólk,

u) *sem hafa hugfast* að friður og öryggi, reist á fullri virðingu fyrir tilgangi og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og því að gildandi gerningar á sviði mannréttinda séu hafðir í heiðri, er forsenda þess að fatlað fólk njóti fullrar verndar, einkum þegar vopnuð átök standa yfir og undir erlendri hersetu,

v) *sem viðurkenna* gildi þess að fötluðu fólki sé tryggt aðgengi að hinu efnis-, félags-, efnahags- og menningarlega umhverfi, njóti heilbrigðis og menntunar og aðgengis að upplýsingum og samskiptamiðlum til þess að það megi njóta allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls,

w) *sem gera sér ljóst* að það er á ábyrgð einstaklingsins sjálfs, sem hefur skyldum að gegna við aðra einstaklinga og samfélag sitt, að berjast fyrir framgangi réttinda, sem eru fólgin í alþjóðaréttarskránni, og því að þau séu virt,

x) *sem eru þess fullviss* að fjölskyldan er hin eðlilega undirstöðueining samfélagsins og að samfélaginu og ríkinu beri skylda til að vernda hana og enn fremur að fötluðu fólki og fjölskyldum þess beri nauðsynleg vernd og aðstoð til þess að fjölskyldum verði gert kleift að leggja sitt af mörkum til þess að fatlað fólk geti notið réttinda sinna til fulls og jafns við aðra,

y) *sem eru þess fullviss* að gerð alþjóðasamnings, sem er alhliða og heildstæður að allri gerð, í því skyni að auka og vernda réttindi og göfgi fatlaðs fólks yrði mikilvægt framlag til þess að bæta úr óviðunandi félagslegri aðstöðu fatlaðs fólks og myndi stuðla að framgöngu þess sem borgara og þátttöku í stjórnmálum og efnahags- og menningarlífi til jafns við aðra, bæði í þróunarlöndum og iðnríkjum, *hafa orðið ásátt um eftirfarandi:*

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.

Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„samskipti“ merkir meðal annars tungumál, sýningu texta, blindraletur, samskipti með snertingu, stórt letur og aðgengilega fjölmiðla, einnig samskiptaaðferðir, -leiðir og -form sem auk þess að vera ritað mál, heyranleg boð, auðskilið mál og upplestur eru bætt og óhefðbundin, þ.m.t. aðgengileg upplýsinga- og samskiptatækni,

„tungumál“ merkir meðal annars talað mál og táknmál og annars konar mál sem ekki er talað,

„mismunun vegna fötlunar“ merkir aðgreiningu, útilokun eða takmörkun af hvaða tagi sem er vegna fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að fatlað fólk fái viðurkennd, notið eða nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi á sviði stjórn-, efnahags-, félags- og menningarmála, sem borgarar eða á öðrum sviðum. Fyrirnefnd mismunun tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, m.a. að fötluðu fólki sé neitað um viðeigandi aðlögun,

„viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem ekki eru umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og mannfrelsi, „algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun.

„Algild hönnun“ útilokar ekki hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, sé þeirra þörf.

3. gr.

Almennar meginreglur.

Meginreglur sammings þessa eru eftirfarandi:

- a) virðing fyrir meðfæddri göfgi, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði þeirra,
- b) bann við mismunun,
- c) að fatlaðir geti tekið fullan og virkan þátt í samfélaginu án aðgreiningar,
- d) virðing fyrir því sjónarmiði að fatlað fólk sé ólíkt og viðurkennt í þeim skilningi að um mannlega fjölbreytni og mannlegt eðli sé að ræða,
- e) jöfn tækifæri,
- f) aðgengi,
- g) jafnrétti kynjanna,
- h) virðing fyrir sífbreytilegri getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína,

4. gr.

Almennar skuldbindingar.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

- a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnarsýslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum nái fram að ganga,
- b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,

d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,

e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun vegna fötlunar sem einstaklingur, stofnun eða einkafyrirtæki gerir sig sekt um,

f) að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á vörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu, sem fara saman við algilda hönnun skv. 2. gr. samnings þessa og breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérþörfum fatlaðs fólks, að gera gangskör að því að þau séu á boðstólum og notuð og að ýta undir algilda hönnun þegar móta á staðla og leiðbeiningar,

g) að framkvæma eða stuðla að rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og gera gangskör að því að hún sé á boðstólum og notuð, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni, hreyfibúnaður, tæki og hjálpargögn, sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,

h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hreyfibúnað, tæki og hjálpargögn, þar með talið nýja tækni, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu,

i) að auka þjálfun fagmanna og starfsmanna, sem vinna með fötluðu fólki, um þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.

2. Að því er varðar efnahags-, félags- og menningarleg réttindi skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til þess að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa og með þátttöku í alþjóðasamstarfi, eftir því sem þörf krefur, í því skyni að fyrirnefnd réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum með fyrirvara um þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum sem gilda þegar í stað samkvæmt reglum þjóðaréttar.

3. Aðildarríkin skulu, þegar þau undirbúa og beita löggjöf sinni og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að ákvarðanatöku um málefni fatlaðs fólks, hafa náið samráð við og tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks, þ.m.t. fötluð börn, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða reglur þjóðaréttar, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda.

Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og mannfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirskeyni að slík réttindi eða frelsi sé ekki viðurkennt eða viðurkennt í minna mæli samkvæmt samningi þessum.

5. Ákvæði samnings þessa gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undanþága.

5. gr.

Jafnrétti og bann við mismunun.

1. Aðildarríkin viðurkenna að allir menn eru jafnir fyrir lögnum og eiga rétt, án nokkurrar mismununar, á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt.

2. Aðildarríkin skulu leggja bann við hvers kyns mismunun vegna fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og nægilega réttarvernd gegn mismunun á öllum sviðum.

3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.

4. Eigi ber að líta á sértækar ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram jafnrétti til handa fötluðu fólki í reynd, sem mismunun samkvæmt skilmálum samnings þessa.

6. gr.

Fatlaðar konur.

1. Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur eru þolendur fjölþættrar mismununar og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra.

2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að konur fái notið sín til fulls, geti sótt fram og hafi fullan frumkvæðisrétt, í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og mannfrelsis sem sett eru fram í samningi þessum.

7. gr.

Fötluð börn.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og mannfrelsis til jafns við önnur börn.
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll mál er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefinn gaumur eins og eðlilegt má telja miðað við aldur þeirra og þroska, til jafns við önnur, börn og veita þeim aðstoð, þar sem tekið er eðlilegt tillit til fötlunar þeirra og aldurs, til þess að sá réttur megi verða að veruleika.

8. gr.

Vitundarvakning.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlaugar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir:
 - a) til þess að vekja þjóðfélög til vitundar, m.a. fjölskylduna, um fatlað fólk og auka virðingu fyrir réttindum þess og meðfæddri göfgi,
 - b) til þess að vinna á móti staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, m.a. þeim sem heimfæra má til kyns og aldurs, á öllum sviðum mannlífs,
 - c) til þess að auka vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.
2. Meðal ráðstafana í þessu skyni má nefna:
 - a) að hefja og vinna stöðugt að átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi sem miða að því:
 - i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks, ii. að stuðla að jákvæðri ímynd fatlaðs fólks og efla vitund í samfélaginu um málefni þess,
 - iii. að færni, verðleiki og geta fatlaðs fólks sé viðurkennd í ríkari mæli, ennfremur framlag þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins í heild,
 - b) að ýta undir það sjónarmið, á öllum skólastigum, þ.m.t. hjá börnum frá unga aldri, að virða beri réttindi fatlaðs fólks,

c) að hvetja alla fjölmiðla til þess að gefa mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi sammings þessa,

d) að hvetja til þess að gerðar séu áætlanir um fræðslu sem lýtur að vitundarvakningu um fatlað fólk og réttindi þess.

9. gr.

Aðgengi.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífnum á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almenningi er opin eða látin í té, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:

a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þ.m.t. skólar, íbúðarhúsnæði, heilbrigðisþjónusta og vinnustaðir,

b) upplýsinga- og samskiptaþjónustu og annarrar þjónustu, þ.m.t. rafræn þjónusta og neyðarþjónusta.

2. Samningsaðilar skulu og gera viðeigandi ráðstafanir:

a) til þess að þróa, útbreiða og fylgjast með því að lágmarkskröfur og leiðbeiningar um aðgengi að aðstöðu og þjónustu, sem almenningi er opin eða látin í té, séu uppfylltar,

b) til þess að tryggja að einkafyrirtæki, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu, sem er almenningi opin eða látin í té, taki mið af aðgengi fyrir fatlað fólk frá öllum hliðum,

c) til þess að bjóða fram fræðslu fyrir hagsmunaaðila um aðgengismál sem varða fatlað fólk,

d) til þess að setja upp í byggingum og annarri aðstöðu, sem er almenningi opin, skilti með blindralettri og í þeirri mynd að fatlaðir eigi auðvelt með að lesa og skilja það sem á þeim stendur,

e) til þess að láta í té ýmiss konar beina aðstoð og þjónustu milliliða, þ.m.t. fylgdarmanna, lesara og faglærðra táknaáskráðgjafa, með það að markmiði að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem almenningi er opin,

f) til þess að stuðla að því að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,

g) til þess að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, m.a. Netinu,

h) til þess að stuðla að hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi á frumstigi til þess að slík tækni og kerfi verði aðgengileg á sem lægstu verði.

10. gr.

Réttur til lífs.

Aðildarríkin áréttu að sérhver mannvera eigi meðfæddan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið þess á virkan hátt til jafns við aðra.

11. gr.

Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, þ.m.t. alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja að fatlað fólk njóti verndar og öryggis þegar hættuástand ríkir, að meðtöldum vopnuðum átökum, neyðarástandi sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamförum.

12. gr.

Réttarstaða til jafns við aðra.

1. Aðildarríkin áréttu að fatlað fólk eigi rétt á því að vera viðurkennt hvar sem er sem aðilar að lögum.

2. Aðildarríkin viðurkenni að fatlað fólk skuli njóta gerhæfis til jafns við aðra á öllum sviðum mannlífs.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk geti leitað eftir aðstoð sem það kann að þarfnast þegar það nýtir gerhæfi sitt.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða beitingu gerhæfis, innihaldi viðeigandi og árangursríkar verndarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Fyrirnefndar verndarráðstafanir skulu tryggja að með ráðstöfunum, sem varða beitingu gerhæfis, séu réttindi, vilji og séróskir viðkomandi einstaklings virt, slíkar ráðstafanir leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, þær séu við hæfi og sniðnar að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í sem skemmstan tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru, sjálfstæðu og hlutlausu yfirvaldi eða stofnun á sviði dómsmála.

Gæta ber meðalhófs við gerð verndarráðstafana að því marki sem slíkar ráðstafanir hafa áhrif á réttindi og hagsmuni viðkomandi einstaklings.

5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, að stýra eigin fjármálum og hafa jafnan aðgang að bankalánnum, veðlánnum og annars konar fjárhagslegum lánnum, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum að geðþótta.

13. gr.

Aðgangur að réttarkerfinu.

1. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu til jafns við aðra, meðal annars með því að laga málsmeðferð alla að þörfum þess og taka tilhlýðilegt tillit til aldurs viðkomandi, í því skyni að gera því kleift að gegna hlutverki sínu með virkum hætti sem beinir og óbeinir þátttakendur, þar með talið sem vitni, í öllum málarekstri, einnig á rannsóknarstigi og öðrum undirbúningsstigum.

2. Í því skyni að greiða fyrir því að tryggja megi fötluðu fólki virkan aðgang að réttarkerfinu skulu aðildarríkin stuðla að viðeigandi fræðslu og þjálfun fyrir þá sem starfa á sviði réttarvörslu, meðal annars lögreglumenn og starfsmenn fangelsa.

14. gr.

Frelsi og mannhelgi.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk:

a) njóti, til jafns við aðra, réttar til frelsis og mannhelgi,

b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögumætum hætti eða að geðþótta og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.

2. Sé fatlað fólk svipt frelsi með einhverjum hætti skulu aðildarríkin ábyrgjast að því séu tryggð mannréttindi til jafns við aðra í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og það hljóti meðferð sem samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.

15. gr.

Frelsi frá því að sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu.

1. Enginn skal sæta pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu. Einkum og sér í lagi er óheimilt að gera læknisfræði- eða vísindatilraunir á nokkrum einstaklingi án samþykkis hans.

2. Aðildarríkin skulu gera allar árangursríkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu og innan réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að koma í veg fyrir að fatlað fólk, jafnt og aðrir, sæti pyndingum eða annarri grimmdarlegri, ómannlegri eða lítillækkandi meðferð eða refsingu.

16. gr.

Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, m.a. með hliðsjón af kynbundnum þáttum slíkra athafna.

2. Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er, meðal annars með því að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, ásamt þeim sem annast það, viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, m.a. með því að veita upplýsingar og fræðslu um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að félagsþjónusta taki mið af kyni, aldri og fötlun.

3. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er skulu aðildarríkin tryggja að óháð yfirvöld hafi virkt eftirlit með allri aðstöðu og áætlunum sem er ætlað að þjóna fötluðu fólki.

4. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að stuðla að líkamlegum, vitsmunalegum og sálrænum bata, endurhæfingu og félagslegri endursamlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram félagsþjónustu. Slíkur bati og endursamlögun skal fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, göfgi og sjálfræði einstaklinganna, þar sem tillit er tekið til sérþarfa þeirra miðað við kyn og aldur.

5. Aðildarríkin skulu taka upp skilvirka löggjöf og stefnu, þ.m.t. löggjöf og stefna sem tekur mið af þörfum kvenna og barna, til þess að unnt sé að staðreyna misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar, sem beinast gegn fötluðu fólki, og ákæra vegna slíkrar háttsemi ef það á við.

17. gr.

Verndun friðhelgi einstaklingsins.

Sérhver fatlaður einstaklingur á rétt á því, til jafns við aðra, að líkamleg og andleg friðhelgi hans sé virt.

18. gr.

Umferðarfrelsi og ríkisfang.

1. Aðildarríkin skulu viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til umferðafrelsis og frelsis til að velja sér búsetu og ríkisfang, m.a. með því að ábyrgjast að fatlað fólk:

a) hafi rétt til að öðlast ríkisfang og breyta því og sé ekki svipt ríkisfangi sínu að geðþótta eða vegna fötlunar,

b) sé ekki, vegna fötlunar, svipt hæfi sínu til að fá, hafa umráð yfir og nýta sér skjöl um ríkisfang sitt eða önnur auðkenningarskjöl eða til að hagnýta viðeigandi verklag, t.d. málsmeðferð vegna innflutnings fólks, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að gera því auðveldar um vik að nýta sér réttinn til umferðafrelsis,

- c) hafi frelsi til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið,
- d) sé ekki, að geðþótta eða vegna fötlunar, svipt réttinum til að koma til síns eigin lands.

2. Fötlun börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og eiga frá fæðingu rétt til nafngiftar, rétt til þess að öðlast ríkisfang og, efir því sem unnt er, rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

19. gr.

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Ríkin, sem eru aðilar að samningi þessum, viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og rétt þess til að eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi njóta þessa réttar til fulls og stuðla að fullri þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:

- a) fötluðu fólki tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir,
- b) fötluðu fólki aðgang að margs konar samfélagsaðstoð, á borð við heimaþjónustu, vist á dvalarheimili og annars konar aðstoð, m.a. nauðsynlegri þjónustu til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þess og aðskilnað frá samfélaginu,
- c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og svari þörfum þess.

20. gr.

Ferlimál einstaklinga.

Aðildarríkin skulu gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, m.a. með því:

- a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem, og þegar, því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi,
- b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að hreyfibúnaði, tækjum, hjálpargögnum og beinni aðstoð og þjónustu milliliða í háum gæðaflokki, meðal annars með því að hafa þau á boðstólum á viðráðanlegu verði,
- c) að bjóða fram fræðslu og þjálfun í hreyfifærni fyrir fatlað fólk og sérhæft starfslið sem vinnur með fötluðu fólki,

d) að hvetja fyrirtæki, sem framleiða hreyfibúnað, tæki og hjálpargögn, til þess að taka mið af öllum þáttum ferlimála fatlaðs fólks.

21. gr.

Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, m.a. með því:

a) að láta fötluðu fólki í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem hæfir einstaklingum sem eiga við mismunandi fötlun að stríða, tímanlega og án aukakostnaðar,

b) að viðurkenna og stuðla að notkun táknmáls, blindraleturs, bættra og óhefðbundinna samskipta og samskiptaleiða, -aðferða og -forms, að eigin vali fatlaðs fólks þegar opinber samskipti fara fram,

c) að hvetja einkafyrirtæki, sem þjónusta almenning, m.a. gegnum Netið, til þess að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,

d) að hvetja fjölmiðla, meðal annars upplýsingaveitur á Netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki,

e) að viðurkenna notkun táknmáls og stuðla að notkun þess.

22. gr.

Virðing fyrir einkalífi.

1. Enginn fatlaður einstaklingur skal, án tillits til búsetustaðar eða búsetuforms, sæta því að einkalíf hans, fjölskyldulíf, heimilislíf eða bréfaskipti eða samskipti af öðru tagi séu trufluð að geðþótta eða með ólögmætum hætti eða að vegið sé að æru hans eða orðstír með óréttmætum hætti. Fatlað fólk á rétt á því að lögin verndi það gegn fyrrnefndri truflun eða árásum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að farið sé með upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu fatlaðs fólks sem trúnaðarmál á sama hátt og gildir um aðra.

23. gr.

Virðing fyrir heimili og fjölskyldu.

1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um aðra, til þess að tryggja megi:

a) að réttur alls fatlaðs fólks, sem til þess hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsum og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur,

b) að réttur fatlaðs fólks til óheftrar og ábyrgðar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli fæðinga og til að hafa aðgang, þar sem tekið er tillit til aldurs, að upplýsingum og fræðslu um getnað og fjölskylduáætlanir sé viðurkenndur og að því séu tiltæk nauðsynleg ráð sem gera því kleift að nýta sér þennan rétt.

c) að fatlað fólk, þ.m.t. börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við aðra.

2. Aðildarríkin skulu tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks með tilliti til lögráða, forráða, fjárhalds eða ættleiðingar barna eða svipaðrar íhlutunar, þar sem þessi hugtök eru til í landslögum, og skal setja hagsmuni barnsins ofar öllu. Aðildarríkin skulu veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppaldur barna.

3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skulu aðildarríkin skuldbinda sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema lögbær yfirvöld ákveði, með fyrirvara um endurskoðun dómsvalds og í samræmi við gildandi lög og málsmeðferð, að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum vegna fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.

5. Aðildarríkin skulu reyna til þrautar, ef kjarnafjölskylda er ófær um að annast fatlað barn, að fá annan aðila innan stórfjölskyldunnar til þess að annast barnið og reynist það ekki unnt þá ráðstafa því til fjölskyldu innan samfélagsins.

24. gr.

Menntun.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Þau skulu, í því skyni að þessi réttur megi verða að veruleika án mismununar og þannig að allir hafi jöfn tækifæri, koma á menntakerfi á öllum skólastigum án aðgreiningar og símenntun sem miða að því:

- a) að auka mannlega getu til fulls og tilfinningu fyrir meðfæddri göfgi og eigin verðleikum og auka virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi og mannlegri fjölbreytni,
- b) að fatlað fólk geti fullþroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,
- c) að gera fötluðu fólki kleift að vera virkir þátttakendur í frjálsu þjóðfélagi.

2. Til þess að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:

- a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá hinu almenna menntakerfi vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi, eða námi á framhaldsskólastigi, vegna fötlunar,
- b) að fatlað fólk hafi aðgang að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, til jafns við aðra í þeim samfélögum þar sem það býr,
- c) að viðkomandi einstaklingur njóti viðeigandi aðlögunar til þess að þörfum hans sé mætt,
- d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning, innan hins almenna menntakerfis, til þess að stuðla að haldgóðri menntun þess,
- e) að árangursríkar, einstaklingsbundnar stuðningsaðgerðir séu boðnar fram í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslega þróun sem aftur samræmist því markmiði að fatlað fólk geti lifað í samfélaginu án nokkurrar aðgreiningar.

3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við aðra, í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:

- a) auðvelda fötluðu fólki að læra blindraletur, óhefðbundna skrift, bættar og óhefðbundnar samskiptaaðferðir, -leiðir og -form og færni í áttun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjaaðstoð og handleiðslu,

b) auðvelda fötluðu fólki að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls,

c) tryggja að menntun einstaklinga, og þá sérstaklega barna, sem eru blindir, heyrnarlausir eða daufblindir, fari fram á þeim tungumálum og samkvæmt og eftir þeim aðferðum og leiðum sem henta viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem ýtir hvað mest undir framvindu í námi og félagslegan þroska.

4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þ.m.t. fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í táknmáli og/eða blindralettri, og að þjálfa fagmenn og starfsmenn sem starfa á öllum sviðum menntakerfisins. Fyrrnefnd þjálfun skal meðal annars fela í sér vitund um fötlun og notkun bættra og óhefðbundinna aðferða, leiða og forma í samskiptum, auk kennslutækni og kennsluefnis sem er ætlað að styðja fatlað fólk.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.

25. gr.

Heilsa.

Aðildarríkin viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta góðrar heilsu að hæsta marki sem unnt er án mismununar vegna fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu sem tekur mið af kyni, m.a. heilsutengdri endurhæfingu. Aðildarríkin skulu einkum:

a) sjá fötluðu fólki fyrir heilsugæslu og heilbrigðisáætlunum, sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir aðra einstaklinga, m.a. með tilliti til kynlífs- og frjósemisheilbrigðis og að því er varðar samfélagsáætlanir á sviði lýðheilsu,

b) bjóða fram þá heilbrigðisþjónustu sem fatlað fólk þarfnast, einkum vegna fötlunar sinnar, m.a. að fötlun sé uppgötvuð snemma og að gripið sé inn í málið snemma, eftir því sem við á, og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og framast er kostur og koma í veg fyrir frekari fötlun, m.a. meðal barna og eldri einstaklinga,

c) bjóða fram fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eins nálægt samfélögum fólks og frekast er unnt, þ.m.t. til sveita,

d) gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist fatlað fólk eins vel og aðra, m.a. á grundvelli frjáls og upplýsts samþykkis, með því, auk annars, að auka vitund um mannréttindi, meðfædda göfgi, sjálfræði og þarfir fatlaðs fólks með þjálfun fyrir starfsmenn, bæði innan einkarekinnar og opinberrar heilsugæslu, og með útbreiðslu siðferðislegra viðmiðana meðal þeirra,

e) leggja bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki að því er varðar sjúkratryggingar og líftryggingar, þar sem slíkar tryggingar, sem skulu boðnar fram á sanngjarnan og réttmætan hátt, eru heimilar samkvæmt landslögum.

f) koma í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu eða um mat og drykk þannig að um mismunun vegna fötlunar sé að ræða.

26. gr.

Hæfing og endurhæfing.

1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir, m.a. annars með tilstyrk jafningjaaðstoðar, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast sem mest sjálfstæði, fulla líkamlega, andlega og félagslega getu, ásamt starfsgetu, og að vera þátttakendur í lífinu á öllum sviðum án aðgreiningar, ásamt því að viðhalda þessum gæðum. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin skipuleggja, efla og útvíkka þjónustu og áætlanagerð á sviði alhliða hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að fyrrnefnd þjónusta og áætlanir:

a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrk hvers einstaklings um sig,

b) stuðli að þátttöku í samfélaginu og þjóðfélaginu á öllum sviðum án aðgreiningar, séu valfrjálsar og standi fötluðu fólki til boða sem næst samfélögum þess, einnig til sveita.

2. Aðildarríkin skulu stuðla að vexti og viðgangi grunnþjálfunar og stöðugar þjálfunar fagmanna og starfsmanna sem vinna við hæfingu og endurhæfingu.

3. Aðildarríkin skulu gera gangskör að því að hjálparkör og -gögn, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk, séu á boðstólum, þekking á þeim sé til staðar og að þau séu notuð í þágu hæfingar og endurhæfingar.

27. gr.

Vinna og starf.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við aðra, til vinnu; í því felst réttur til að fá ráðrúm til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða vinnu sem er þegin á frjálsan hátt á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, m.a. fyrir þá sem verða fatlaðir meðan þeir gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, til að mynda með lagasetningu, til þess meðal annars:

- a) að leggja bann við mismunun vegna fötlunar að því er varðar öll mál sem tengjast störfum af hvaða tagi sem er, m.a. nýskráningar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,
- b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annarra, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, m.a. jafnra tækifæra og launajafnréttis, öryggis og hollustu á vinnustað, þ.m.t. vernd gegn stöðugri áreitni, og til þess að fá úrlausn kvörtunarmála,
- c) að tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að nýta sér atvinnuréttindi sín og réttindi sem meðlimir stéttarfélaga til jafns við aðra,
- d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa með virkum hætti aðgang að tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfsþjálfun og símenntun sem almenningi stendur til boða,
- e) að skapa atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk og stuðla að starfsframa þess á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna starf, fá það, halda því og fara aftur inn á vinnumarkað,
- f) að stuðla að tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki,
- g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans,
- h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með því að marka stefnu við hæfi og gera viðeigandi ráðstafanir sem kunna að felast í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum,
- i) að tryggja að fatlað fólk á vinnustað fái notið viðeigandi aðlögunar,
- j) að stuðla að því að fatlað fólk geti aflað sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,

k) að stuðla að starfstengdri og faglegri endurhæfingu fatlaðs fólks, að því að það haldi störfum sínum og að framgangi áætlana um að það geti snúið aftur til starfa.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við aðra, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.

28. gr.

Viðunandi líf skjör og félagsleg vernd.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi líf skjara því til handa, m.a. viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi líf skjilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.

2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar vegna fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, m.a. ráðstafanir:

a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan rétt til aðgangs að hreinu vatni og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, tækjabúnaði og annarri aðstoð gegn viðráðanlegu gjaldi vegna þarfa sem tengjast fötlun,

b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, rétt til þátttöku í áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,

c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, þ.m.t. útgjöld vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, aðstoðar í fjármálum og hvíldarumönnunar,

d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að áætlunum um byggingu húsnæðis á vegum hins opinbera,

e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að eftirlaunum og eftirlaunasjóðum.

29. gr.

Þátttaka í stjórn málum og opinberu lífi.

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum stjórn málaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnámálum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa eftir frjálsum vali, þ.m.t. réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, meðal annars með því:

i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,

ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án þvingana með hótunum og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,

iii. að fatlað fólk geti látið vilja sinn óþvingað í ljós sem kjósendur og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklinga að eigin vali við að greiða atkvæði,

b) vinna ötullega að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við aðra, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, meðal annars:

i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmalalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmalaflokka,

ii. því að mynda og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til þess að rödd þess heyrist á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.

30. gr.

Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi.

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt, til jafns við aðra, í menningarlífi og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:

a) hafi aðgang að menningarefni í aðgengilegri framsetningu,

b) hafi aðgang að sjónvarpsdagskrám, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum athöfnum á sviði menningar, í aðgengilegri framsetningu,

c) hafi aðgang að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðamannastöðum og hafi, eftir því sem við verður komið, aðgang að minnisvörðum og stöðum sem eru mikilvægir í þjóðmenningarlegu tilliti.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þroska og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu heldur einnig í því skyni að auðga mannlíf í eigin samfélögum.

3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, samkvæmt reglum þjóðaréttar, til þess að tryggja að í lögum, sem vernda hugverkarétt, séu ekki ákvæði sem koma á ósanngjarnan hátt, eða með einhverjum þeim hætti sem hefur mismunun í för með sér, í veg fyrir að fatlað fólk hafi aðgang að menningarefni.

4. Fatlað fólk skal eiga rétt á, til jafns við aðra, að sérstök menningarleg samsemd þess og samsemd með tilliti til tungumáls sé viðurkennd og njóti stuðnings, þ.m.t. tákni og menning heyrnarlausra.

5. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við aðra þátt í tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi:

a) til þess að hvetja til og stuðla að þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í algengu íþróttastarfi á öllum stigum,

b) til þess að tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótt- og tómsundastarfi fyrir fatlað fólk og örva, í þessu skyni og með sama hætti og gildir um aðra, framboð á viðeigandi tilsögn, þjálfun og fé,

c) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótt- og tómsundastarf fer fram og að ferðamannastöðum,

d) til þess að tryggja fötluðum börnum aðgang, til jafns við önnur börn, að leikjum og tómsunda- og frístunda- og íþróttastarfi, meðal annars innan skólakerfisins,

e) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómsundastarfs, ferðamennsku og frístunda- og íþróttastarfs. 31. gr.

Hagtölur og gagnasöfnun.

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. hagtölur og rannsóknargögn, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnu samningi þessum til framkvæmdar. Söfnun og varðveisla slíkra upplýsinga:

a) skal vera í samræmi við lögmætar verndarráðstafanir, meðal annars löggjöf um gagnavernd, til þess að tryggt sé að trúnaðarskylda sé virt og einkalíf fatlaðs fólks,

b) skal vera í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunarreglur um vernd mannréttinda og mannfrelsis og siðareglur sem gilda um söfnun og notkun hagtalna.

2. Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða, eftir því sem við á, og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að því að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.

3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndra hagtalna og tryggja fötluðu fólki og öðrum aðgang að þeim.

32. gr.

Alþjóðlegt samstarf.

1. Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og að stuðlað verði að framgangi þess, til stuðnings innlendri viðleitni til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi ná fram að ganga, og munu gera viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir í þeim málum milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Fyrrnefndar ráðstafanir gætu meðal annars náð yfir eftirfarandi:

a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, þ.m.t. alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,

b) að efla og auka afkastagetu, m.a. með því að skiptast á og miðla með gagnkvæmum hætti upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,

c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,

d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, m.a. með því að auðvelda aðgang að og gagnkvæma miðlun aðgengilegrar og gagnlegrar tækni, og með yfirfærslu á tækni,

2. Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.

33. gr.

Framkvæmd og eftirlit innanlands.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum vegna framkvæmdar samningsins á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.

2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á rammaáætlun, m.a. einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að greiða fyrir, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Samningsaðilarnir skulu, þegar þeir tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda.

3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem fara með mál þess, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.

34. gr.

Nefnd um réttindi fatlaðs fólks.

1. Setja ber á stofn nefnd um réttindi fatlaðs fólks (hér á eftir nefnd „nefndin“) sem skal vinna þau verk sem kveðið er á um hér að aftan.

2. Þegar samningur þessi öðlast gildi skulu tólf sérfræðingar skipa nefndina. Eftir að sextíu aðilar hafa fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum skal fjölgað í nefndinni um sex nefndarmenn sem þýðir að heildarfjöldi nefndarmanna verður átján.

3. Nefndarmenn sitja í nefndinni á eigin forsendum sem einstaklingar og skulu hafa þroskaða siðferðisvitund og viðurkennda menntun og hæfi og reynslu á því sviði sem samningur þessi fjallar um. Óskað er eftir því að aðildarríkin taki eðlilegt tillit til ákvæða 3. mgr. 4. gr. samnings þessa þegar þau tilnefna frambjóðendur sína.

4. Aðildarríkin kjósa nefndarmenn að teknu tilliti til jafnrar dreifingar milli heimshluta, þess að fulltrúar komi frá ólíkum menningarþjóðfélögum og grunnréttarkerfum, til jafnrar þátttöku kynjanna og þátttöku fatlaðra sérfræðinga.

5. Nefndarmenn skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu af lista einstaklinga, sem aðildarríkin tilnefna úr hópi þegna sinna, þegar fundir þings aðildarríkjanna fara fram. Á þeim fundum, sem eru ákvörðunarbærir eigi tveir þriðju aðildarríkjanna þar fulltrúa, skulu þeir einstaklingar sem eru kjörnir til setu í nefndinni vera þeir sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

6. Halda ber fyrstu kosningu eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag þegar samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda aðildarríkjunum bréf, með eigi skemmri fyrirvara en fjórum mánuðum fyrir þann dag þegar sérhver kosning skal fara fram, og óska eftir tilnefningum þeirra innan tveggja mánaða.

Aðalframkvæmdastjórinn tekur því næst saman skrá í stafrófsröð um alla einstaklinga, sem þannig eru tilnefndir, og gefur til kynna hvaða aðildarríki tilnefndi þá og sendir að svo búnu skrána þeim ríkjum sem eru aðilar að samningi þessum.

7. Kjörtímabil nefndarmanna er fjögur ár. Heimilt er að endurkjósa þá einu sinni. Engu að síður skal kjörtímabili sex þeirra nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningu ljúka að tveimur árum liðnum; strax að lokinni fyrstu kosningu skal fundarstjóri, á fundi þeim er um getur í 5. mgr. þessarar greinar, velja nöfn fyrrnefndra sex nefndarmanna með hlutkesti.

8. Kjör hinna sex viðbótarnefndarmanna skal fara fram þegar reglubundnar kosningar fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar greinar.

9. Falli nefndarmaður frá eða segi af sér eða lýsi því yfir að hann geti ekki, af einhverri annarri ástæðu, gegnt skyldum sínum skal aðildarríkið, sem tilnefndi hann, skipa annan sérfræðing, sem hefur menntun og hæfi og uppfyllir þær kröfur er um getur í viðeigandi ákvæðum þessarar greinar, til þess að starfa í nefndinni út kjörtímabilið.

10. Nefndin setur sér starfsreglur.

11. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal útvega nauðsynlega starfsmenn og aðstöðu til þess að nefndin geti sinnt störfum sínum með skilvirkum hætti samkvæmt samningi þessum og boða til fyrsta fundar hennar.

12. Peir sem sitja í nefndinni, sem er komið á fót samkvæmt samningi þessum, skulu, með samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þiggja laun úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem allsherjarþingið kann að ákveða, að teknu tilliti til mikilvægis þeirra ábyrgðarstarfa sem nefndin sinnir.

13. Nefndarmönnum ber réttur til aðstöðu, forréttinda og friðhelgi sérfræðinga sem reka erindi Sameinuðu þjóðanna, eins og mælt er fyrir um í viðeigandi hlutum samningsins um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna.

35. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna.

1. Sérhvert aðildarríki skal senda nefndinni, fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, ítarlega skýrslu um ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningi þessum, og um framfarir, sem hafa orðið á því sviði, innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Eftir það skulu aðildarríkin senda skýrslur sínar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og oftari fari nefndin fram á það.

3. Nefndin skal fastsetja leiðbeiningar um efni skýrslanna.

4. Aðildarríki, sem hefur sent nefndinni ítarlega frumskýrslu, þarf ekki að endurtaka áður veittar upplýsingar í skýrslum sem á eftir fara. Óskað er eftir því, þegar aðildarríkin undirbúa skýrslur til nefndarinnar, að þau geri það með opnum og gagnsæum hætti og taki eðlilegt tillit til ákvæðisins í 3. mgr. 4. gr. samnings þessa.

5. Í skýrslunum er heimilt að geta um þá þætti og erfiðleika sem hafa áhrif á það hversu vel miðar að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

36. gr.

Um fjöllum um skýrslur.

1. Nefndin skal fjalla um sérhverja skýrslu og gera þær tillögur og leggja fram þau almennu tilmæli sem hún telur við eiga og senda hlutaðeigandi aðildarríki. Aðildarríkið getur

svarað með því að láta nefndinni í té þær upplýsingar sem það kys. Nefndin getur óskað eftir frekari upplýsingum frá aðildarríkjunum sem varða framkvæmd samnings þessa.

2. Dragist verulega á langinn að aðildarríki sendi skýrslu sína getur nefndin tilkynnt hlutaðeigandi aðildarríki um að nauðsynlegt sé að kanna framkvæmd samnings þessa í því aðildarríki, á grundvelli áreiðanlegra upplýsinga sem nefndin hefur aðgang að, hafi viðkomandi skýrsla ekki verið send innan þriggja mánaða frá tilkynningunni. Nefndin skal bjóða hlutaðeigandi aðildarríki að taka þátt í fyrrnefndri könnun. Bregðist aðildarríkið við með því að senda viðkomandi skýrslu gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal gera öllum aðildarríkjunum kleift að nálgast skýrslurnar.

4. Aðildarríkin skulu gera almenningi í eigin löndum auðvelt um vik að nálgast skýrslur sínar og greiða fyrir aðgangi að þeim tillögum og tilmælum sem varða þessar skýrslur.

5. Nefndin skal senda sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, ásamt sjóðum og áætlunum á þeirra vegum, og öðrum bærum stofnunum skýrslur frá aðildarríkjunum, eftir því sem hún telur við eiga, í því skyni að taka fyrir beiðni um eða vísbendingu um þörf fyrir tæknilega ráðgjöf eða aðstoð, sem þar kemur fram, ásamt athugasemdum nefndarinnar og tilmælum, ef um þau er að ræða, viðvíkjandi þessum beiðnum eða vísbendingum.

37. gr.

Samvinna milli aðildarríkjanna og nefndarinnar.

1. Sérhvert aðildarríki skal vinna með nefndinni og aðstoða nefndarmenn við að uppfylla skyldur sínar eftir því umboði sem þeim er veitt.

2. Nefndin skal, í samskiptum sínum við aðildarríkin, taka eðlilegt tillit til leiða og aðferða við að auka getu innanlands til þess að framkvæma samning þennan, m.a. í gegnum alþjóðlegt samstarf.

38. gr.

Tengsl nefndarinnar við aðrar stofnanir.

Í því skyni að greiða fyrir árangursríkri framkvæmd samnings þessa og að stuðla að samvinnu þjóða í milli á því sviði sem hann fjallar um:

a) skulu sérstofnanir Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir þeirra hafa rétt til þess að eiga fyrirvar þegar fjallað er um framkvæmd þeirra ákvæða samnings þessa sem falla undir þann málaflokk sem þær sinna. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanirnar og aðrar

bærar stofnanir, eftir því sem hún telur við hæfi, að þær láti í ljós sérfræðialit um framkvæmd samningsins innan þeirra sviða sem falla undir málaflokka hverrar um sig. Nefndin getur óskað eftir því við sérstofnanir og aðrar bærar stofnanir að þær leggi fram skýrslur um framkvæmd samningsins innan þeirra sviða sem falla undir starfsemi þeirra.

b) Þegar nefndin uppfyllir skyldur sínar eftir umboði sínu skal hún hafa samráð, eftir því sem við á, við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, sem er komið á fót samkvæmt alþjóðasamningum um mannréttindi, í því skyni að tryggja samsvörun leiðbeininga, tillagna og almennra tilmæla hverrar um sig viðvíkjandi skýrslugerð og að forðast tvíverknað og skörun í störfum þeirra.

39. gr.

Skýrsla nefndarinnar.

Nefndin skal gefa allsherjarþinginu og efnahags- og félagsmálaráðinu skýrslu um starfsemi sína og getur lagt fram tillögur og almenn tilmæli byggð á könnun skýrslna og upplýsinga frá aðildarríkjunum.

Slíkar tillögur og almenn tilmæli ber að fella inn í skýrslu nefndarinnar ásamt athugasemdum frá aðildarríkjunum, ef um þau er að ræða.

40. gr.

Þing aðildarríkjanna.

1. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu hittast reglulega á þingi aðildarríkjanna í því skyni að fjalla um öll mál er varða framkvæmd samnings þessa.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal kalla saman þing aðildarríkjanna eigi síðar en sex mánuðum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Aðalframkvæmdastjórinn boðar til funda annað hvert ár eftir það eða eins oft og þing aðildarríkjanna ákveður.

41. gr.

Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

42. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um samvinnu í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 30. mars 2007 að telja.

43. gr.

Samþykki fyrir því að vera bundinn af samningi þessum.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu undirritunarríkja og formlega staðfestingu svæðisstofnana um samvinnu sem undirrita hann. Samningurinn skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers ríkis eða svæðisstofnunar um samvinnu sem ekki hefur undirritað hann.

44. gr.

Svæðisstofnanir um samvinnu.

1. „Svæðisstofnun um samvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og hefur umboð, sem aðildarríki hennar veita henni, til að fara með málefni sem samningur þessi fjallar um. Svæðisstofnanir um samvinnu skulu greina, í skjölum sínum um formlega staðfestingu eða aðild, frá valdmörkum sínum með tilliti til mála sem samningur þessi fjallar um.

Þær skulu síðar meir tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verða kann á umboði þeirra og skiptir máli.

2. Vísanir til „aðildarríkja“ í samningi þessum eiga við fyrrnefndar stofnanir eins langt og valdsvið þeirra nær.

3. Að því er varðar 1. mgr. 45. gr. og 2. og 3. mgr. 47. gr. samnings þessa skal eigi telja með skjöl sem svæðisstofnun um samvinnu afhendir til vörslu.

4. Svæðisstofnanir um samvinnu geta, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neytt atkvæðisréttar á þingi aðildarríkja með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að samningi þessum, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.

45. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu.
2. Gagnvart sérhverju ríki eða svæðisstofnun um samvinnu, sem fullgildir samning þennan, staðfestir hann formlega eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun hefur afhent viðkomandi skjal sitt til vörslu.

46. gr.

Fyrirvarar.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara sem eru í ósamræmi við markmið og tilgang samnings þessa.
2. Heimilt er að draga fyrirvara til baka hvenær sem er.

47. gr.

Breytingar.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt fram breytingartillögu við samning þennan og sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda aðildarríkjunum allar breytingartillögur, ásamt beiðni um að sér verði tilkynnt hvort þau séu því meðmælt að haldið verði þing aðildarríkja í því skyni að fjalla um þær og afgreiða. Komi í ljós, innan fjögurra mánaða frá því að aðalframkvæmdastjórinn sendir fyrirnefndar tillögur, að minnst þriðjungur aðildarríkjana sé meðmæltur þinghaldi skal aðalframkvæmdastjórinn kalla þingið saman á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Aðalframkvæmdastjórinn skal senda allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sérhverja breytingartillögu, sem er samþykkt með tveimur þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra aðildarríkja sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, til samþykktar og í framhaldi af því öllum aðildarríkjum til staðfestingar.

2. Breyting, sem er tekin upp og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda samningsríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt. Eftir það öðlast breytingin gildi gagnvart hvaða aðildarríki sem er á þrítugasta degi eftir að það

afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörslu. Breyting er aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana.

3. Breyting, sem er tekin upp og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og varðar 34., 38., 39. og 40. gr. einvörðungu, skal, ákveði þing samningsaðila það einróma, öðlast gildi gagnvart öllum aðildarríkjum á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda aðildarríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt.

48. gr.

Úrsögn.

Aðildarríki getur sagt sig frá samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Úrsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

49. gr.

Aðgengilegt snið.

Texti samnings þessa skal liggja frammi á aðgengilegu sniði.

50. gr.

Gildir textar.

Textar samnings þessa á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

VALFRJÁLS BÓKUN VIÐ SAMNINGINN UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS

Ríkin sem eiga aðild að bókun þessari hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

1. Aðildarríki að bókun þessari („aðildarríki“) viðurkenna umboð nefndarinnar um réttindi fatlaðs fólks („nefndarinnar“) til að taka við og fjalla um orðsendingar frá og fyrir hönd einstaklinga eða hópa einstaklinga sem falla undir lögsögu þeirra og telja sig þolendur brota þeirra á ákvæðum samningsins.

2. Nefndin skal ekki taka við orðsendingu sem varðar aðildarríki að samningnum sem ekki er aðili að bókun þessari.

2. gr.

Nefndin telur orðsendingu ótæka þegar:

- a) orðsendingin er nafnlaus,
- b) orðsendingin telst misnotkun á þeim rétti að senda slíkar orðsendingar eða fer í bága við ákvæði samningsins,
- c) nefndin hefur þegar kannað sama mál eða það hefur verið eða er viðfangsefni annarrar alþjóðlegrar rannsóknar eða sáttagerðar,
- d) öll úrræði, sem viðkomandi stendur til boða innanlands, hafa ekki verið reynd til hlítar. Þessi regla gildir ekki þegar beiting viðkomandi úrræða dregst ótilhlýðilega á langinn eða ólíklegt má telja að hún færi viðkomandi raunverulega lausn,
- e) hún er augljóslega illa grunduð eða ekki nægilega rökstudd eða þegar
- f) þeir verknaðir sem eru efni orðsendingarinnar áttu sér stað áður en bókun þessi öðlaðist gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, nema fyrrnefndir verknaðir hafi endurtekið sig eftir þá gildistöku.

3. gr.

Nefndin skal, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. bókunar þessarar, vekja athygli hlutaðeigandi aðildarríkis í trúnaði á öllum orðsendingum sem henni berast. Viðtökuríkið skal senda nefndinni skriflegar útskýringar eða yfirlýsingar innan sex mánaða þar sem málið er reifað og úrbætur kynntar, ef um þær er að ræða, sem hlutaðeigandi ríki kann að hafa gert.

4. gr.

1. Nefndin getur, hvenær sem er eftir að henni berst orðsending og áður en ákvörðun um inntak hennar hefur verið tekin, sent hlutaðeigandi aðildarríki beiðni til skjótrar umfjöllunar þess efnis að aðildarríkið geri bráðabirgðaráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir hugsanlegt óbætanlegt tjón fyrir þolanda eða þolendur meints brots.

2. Þótt nefndin notfæri sér rétt sinn skv. 1. mgr. þessarar greinar jafngildir slíkt ekki ákvörðun um að orðsending sé tæk eða ákvörðun um inntak hennar.

5. gr.

Fundir nefndarinnar skulu vera lokaðir þegar hún fer yfir orðsendingar samkvæmt bókun þessari. Að yfirferð lokinni skal nefndin senda hlutaðeigandi aðildarríki og beiðanda tillögur sínar og tilmæli, ef um þau er að ræða.

6. gr.

1. Berist nefndinni áreiðanlegar upplýsingar, sem gefa til kynna alvarleg og markviss brot aðildarríkis gegn réttindum sem sett eru fram í samningnum, skal hún bjóða aðildarríkinu að vinna með henni að rannsókn upplýsinganna og senda í því skyni athugasemdir við þær.

2. Nefndin getur, að teknu tilliti til athugasemda sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að hafa sent og annarra áreiðanlegra upplýsinga sem hún hefur aðgang að, tilnefnt einn nefndarmann eða fleiri til þess að rannsaka málið og gefa nefndinni skýrslu hið fyrsta. Sé það réttlætanlegt og gefi aðildarríkið heimild til þess getur rannsóknin falist í heimsókn til yfirráðasvæðis þess.

3. Eftir að hafa yfirfarið niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar skal nefndin senda hlutaðeigandi aðildarríki þær, ásamt athugasemdum og tilmælum.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda nefndinni athugasemdir sínar innan sex mánaða frá því að það móttækur niðurstöðurnar, athugasemdirnar og tilmælin sem nefndin hefur sent því.

5. Ríkja skal fullur trúnaður þegar fyrrnefnd rannsókn fer fram og leita ber samstarfs við aðildarríkið á öllum stigum meðferðar málsins.

7. gr.

1. Nefndin getur boðið hlutaðeigandi aðildarríki að fella inn í skýrslu sína skv. 35. gr. sammingsins upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið í kjölfar rannsóknar sem er gerð skv. 6. gr. bókunar þessarar.

2. Nefndin getur, ef nauðsyn krefur og eftir að þeir sex mánuðir er um getur í 4. mgr. 6. gr. eru liðnir, boðið hlutaðeigandi aðildarríki að upplýsa hana um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í kjölfar fyrrnefndrar rannsóknar.

8. gr.

Hvert aðildarríki getur, við undirritun bókunar þessarar eða þegar það gerist aðili að henni, lýst því yfir að það viðurkenni ekki valdsvið nefndarinnar sem kveðið er á um í 6. og 7. gr.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili bókunar þessarar.

10. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu ríkja og svæðisstofnana um samvinnu, sem hafa undirritað samninginn, í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 30. mars 2007 að telja.

11. gr.

Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu þeirra ríkja sem hafa undirritað hana og fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum. Bókun þessi er með fyrirvara um formlega staðfestingu þeirra svæðisstofnana um samvinnu sem hafa undirritað hana og staðfest samninginn formlega eða gerst aðilar að honum. Bókunin skal liggja frammi til aðildar af hálfu sérhvers ríkis eða svæðisstofnunar um samvinnu sem hefur fullgilt samninginn, staðfest hann formlega eða gerst aðili að honum og hefur ekki undirritað bókunina.

12. gr.

1. „Svæðisstofnun um samvinnu“ merkir stofnun sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og hefur umboð, sem aðildarríki hennar veita henni, til að fara með málefni sem samningurinn og bókun þessi fjalla um. Svæðisstofnanir um samvinnu skulu greina, í skjölum sínum um formlega staðfestingu eða aðild, frá valdmörkum sínum með tilliti til mála sem samningurinn og þessi bókun fjalla um.

Þær skulu síðar meir tilkynna vörsluaðila um hverja þá breytingu sem verða kann á valdmörkum þeirra og skiptir máli.

2. Vísanir til „aðildarríkja“ í bókun þessari eiga við fyrrnefndar stofnanir eins langt og valdsvið þeirra nær.

3. Að því er varðar 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 15. gr. bókunar þessarar skal eigi telja með skjöl sem svæðisstofnun um samvinnu afhendir til vörslu.

4. Svæðisstofnanir um samvinnu geta, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neytt atkvæðisréttar á fundi aðildarríkja með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að bókun þessari, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir atkvæðisréttar síns og öfugt.

13. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi, með fyrirvara um gildistöku samningsins, á þrítugasta degi eftir að tíunda skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent til vörslu.

2. Gagnvart sérhverju ríki eða svæðisstofnun um samvinnu, sem fullgildir bókun þessa, staðfestir hana formlega eða gerist aðili að henni eftir afhendingu tíunda skjalsins um slíka athöfn til vörslu, skal bókunin öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki eða slík stofnun hefur afhent viðkomandi skjal sitt til vörslu.

14. gr.

1. Óheimilt er að gera fyrirvara sem eru í ósamræmi við markmið og tilgang bóknar þessarar.
2. Heimilt er að draga fyrirvara til baka hvenær sem er.

15. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur lagt fram breytingartillögu við bókun þessa og sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda aðildarríkjunum allar breytingartillögur, ásamt beiðni um að sér verði tilkynnt hvort þau séu því meðmælt að haldinn verði fundur aðildarríkja í því skyni að fjalla um þær og afgreiða. Komi í ljós, innan fjögurra mánaða frá því að aðalframkvæmdastjórinn sendir fyrirnefndar tillögur, að minnst þriðjungur aðildarríkjanna sé meðmæltur því að fundur verði haldinn skal aðalframkvæmdastjórinn boða til fundarins á vegum Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sérhverja breytingartillögu, sem er samþykkt með tveimur þriðju hluta atkvæða fulltrúa þeirra aðildarríkja sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, til samþykktar og í framhaldi af því öllum aðildarríkjum til staðfestingar.

2. Breyting, sem er tekin upp og samþykkt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að fjöldi skjala um staðfestingu, sem hafa verið afhent til vörslu, jafngildir fjölda samningsríkja að tveimur þriðju þann dag þegar breytingin er samþykkt. Eftir það öðlast breytingin gildi gagnvart hvaða aðildarríki sem er á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um staðfestingu til vörslu. Breyting er aðeins bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana.

16. gr.

Aðildarríki getur sagt sig frá bókun þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Úrsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

17. gr.

Texti bókunar þessarar skal liggja frammi á aðgengilegu sniði.

18. gr.

Textar bókunar þessarar á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.